

Ársskýrsla 2024





Efnisyfirlit

Ávarp stjórnarformanns Auðhumlu.....	2
Frá framkvæmdastjóra Auðhumlu.....	3
Ávarp stjórnarformanns MS	4
Frá forstjóra MS	5
Fulltrúar deilda Auðhumlu.....	6
Stjórn Auðhumlu	7
Verðlaunahafar 2024.....	8
Mjólkursamsalan ehf. 2024	9
Ísey útflutningur ehf.....	10
Tölulegar upplýsingar.....	11
Tölulegar upplýsingar.....	12
Áritun óháðra endurskoðenda.....	14
Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra.....	16
Efnahagsreikningur	18
Efnahagsreikningur	19
Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2024	20
Yfirlit um eigið fé 2024	21
Skýringar	22
Viðauki: Ófjárhagsleg upplýsingagjöf	35



.....
Útgefandi: Auðhumla, Austurvegi 65, 800 Selfoss
Ljósmyndir: Jóhannes Hr. Símonarson
Ljósmyndir af verðlaunahöfum: Elín Margrét Stefánsdóttir
Ljósmynd af framkvæmdastjóra AH: Gunnar Leifur Jónasson
Ljósmynd af stjórnarformanni: Gunnar Leifur Jónasson
Ljósmyndir af stjórn Auðhumlu og stjórn MS: Gunnar Leifur Jónasson
Umbrot og prentun: Prentmet Oddi
.....

Ávarp stjórnarformanns Auðhumlu og Ísey útflutnings

Ágúst Guðjónsson



Eftir mjög þung rekstrarár hjá kúabændum vegna mikilla verðhækkana á aðföngum og hárra vaxta er nú aðeins farið að birta til. Bændur eru farnir að huga að fjárfestingum að nýju eftir kyrrstöðu síðustu ára. Nýr verðlagsgrundvöllur hefur tekið gildi og ljóst að það er talsvert gat sem þarf að brúa. Þetta mál þarf að taka fyrir í nýjum búvörusamningum því það er ljóst að ríkisvaldið hefur fengið stærstan hlut af hagræðingunni í greininni síðustu tvo áratugi. Það hefur vissulega borið á góma á meðal bænda hvort að iðnaðurinn geti tekið eitthvað á sig til að brúa þetta bil. Ég á erfitt með að sjá það því að iðnaðinum er skömmtuð afkoma sem hefur ekki dugað fyrir nauðsynlegum fjárfestingum frá stofnun MS í núverandi mynd árið 2007. Iðnaðurinn hefur skilað allri hagræðingunni til bænda og neytanda. Það er komið að ríkisvaldinu enda efast ég um að nokkur atvinnugrein hafi búið við viðlíka hagræðingar-kröfu og mjólkuriðnaðurinn hefur búið við síðustu tvo áratugin.

Mjólkurframleiðsla ársins 2024 var 153,7 milljónir lítra sem er nýtt Íslandsmet og jókst um 1,5% á milli ára. Sala á fitugrunni var 150,4 milljónir lítra en 132,6 milljónir lítra á próteingrunni þannig að próteinhallinn var rétt um 17,8 milljónir lítra. Próteinhallinn hefur bein tengsl við tvíhliða tollasamning sem var gerður haustið 2015 við ESB og tók gildi 1. maí 2018. Innflutningur mjólkurafurða hefur aukist um 64% síðan hann tók gildi og þá sérstaklega í ostum. Í þessum sama tollasamningi fékk Ísland 4.000 tonna skyrkvóta og jafnframt náðist 329 tonn skyrkvóti á Bretland í nýjum samning árið 2023. Útflutningur frá Selfossi á skyri gekk vel árinu og voru flutt út rétt um 3.200 tonn á Holland, Bretland og Sviss. Þessi útflutningur vinnur á móti próteinhallanum og því

nauðsynlegt að reyna fullnýta þessa skyrkvóta á næstu árum til að styrkja rekstrarafkomu MS.

Árið 2024 varð 44 milljóna króna tap af starfsemi Auðhumlu svf. en hagnaður upp á 740 milljónir króna árið áður. Það er ljóst að stýrivaxtahækkunar Seðlabanka Íslands hafa verið verulega íþyngjandi enda hækka fjármagnsgjöld samstæðunnar um 219 milljónir á milli ára. Eiginfjárlutfall samstæðunnar í árslok samkvæmt efnahagsreikningi nam 50%. Síðustu ár hafa einkennst af miklum hækkunum á aðföngum, launum, orku og fjármagnskostnaði. Það er krefjandi að reka fyrirtæki við þessar aðstæður og vonandi heldur vaxta-lækkunarferli Seðlabanka Íslands áfram.

Rekstur Íseyjar útflutnings ehf. gekk vel á árinu og nam hagnaður félagsins 213 milljónum og móti 204 milljónum árið áður. Skyrjala erlendis gekk vel og jókst um tæplega 30% á milli ára. Miklir vaxtarmöguleikar eru í Evrópu ef rétt er á málum haldið og stefnt að því að sölumálin verði á einni hendi hjá Ísey Europe sem ætti að styrkja afkomuna og meiri möguleikar til að styðja við markaðsstarfið.

Nú styttest í að núverandi búvörusamningar renni sitt skeið og nýr atvinnuvegaráðherra tekin til starfa. Lítið hefur verið lagt fram sem hönd er á festandi en þó er tónninn þannig að það þurfi að breyta miklu. Nýr ráðherra vitnar helst til skoðana-kannanna þar sem fram komi að bændur séu ósáttir við núverandi kerfi og flækjustigið sé of mikið. Ég held að vandinn liggja nú aðallega í því að núverandi stuðningskerfi hefur verið fjársvelt og stuðningur við íslenskan landbúnað farið úr því að vera 5% af vergri landsframleiðslu í 1% á tiltölu-lega skömmum tíma og þar að auki hefur dregið

talsvert úr tollvernd á sama tíma. Hagræðing síðustu tvo áratugi hefur að stærstum hluta lent hjá ríkinu. Nú þarf að vanda til verka og leggja fram gögn sem sýna þróun síðustu ára og ekki má gleyma því að afurðarstöðvarnar sinna mikilvægu hlutverki í velsæld bænda. Lagaumgjörðin þarf því að vera skýr til að afurðarstöðvarnar geti náð fram ystrustu hagkvæmni til að geta greitt bændum sanngjarnt verð fyrir afurðir sínar og útvegað neytendum góðar vörur á sanngjörnu verði. Skoða verður tollvernd sérstaklega og þar undir eru ekki bara tollfrjáls viðskipti heldur líka vörur sem bera verðtoll sem hefur rýrnað að verðgildi síðustu ár. Þá þarf að fá þetta „pizzaostamál“ á hreint, verði niðurstaðan sú að tollflokkan verði breytt þarf samt sem áður að leggja toll á ostinn samanber Noreg, annars mun þetta hafa mikill áhrif á iðnaðinn og íslenska bændur.

Þegar horft er til framtíðar eru tækifærin mörg fram undan og full ástæða til bjartsýni þrátt fyrir erfið ytri skilyrði síðustu ár. Ef við horfum til ársins 2030 þá er reiknað með því að mannfjöldi á Íslandi verði orðin 433 þús. eða aukning um 11%. Það þýðir að ef við náum halda úti þessu öfluga vöruþróunarstarfi sem hefur einkennt mjólkuriðnaðinn síðustu ár og ríkið tryggir bændum og iðnaðinum starfsumhverfi sem tryggir áframhaldandi uppbyggingu þá er framtíðin björt. Þá eru mikill tækifæri erlendis í skyrölu sem hefur vaxið hratt en engu að síður erum við enn þá mjög lítil stærð á þessum mörkuðum og samkeppnin mjög hörð. Hingað til höfum við haft gæðaforskot á samkeppnisaðilana sem hefur tryggt hátt verð.

Að lokum vil ég þakka kúabændum, starfsfólki, viðskiptavinum og stjórnnum félaganna fyrir gott samstarf á árinu.

Frá framkvæmdastjóra Auðhumlu

Jóhannes Hr. Símonarson



Veturinn 2023 – 2024 var veðurfarslega nokkuð hagfelldur með hægviðri og þökkalegri tíð. Stórviðri voru fágæt en þó var heldur kalt og hitastig var vel undir meðaltali um allt land. Svellalög voru víða og kaltjón alvarleg sum staðar Norðanlands sem reyndust bændum dýr og höfðu veruleg áhrif á hefyng sumarsins á þeim jörðum. Aprílmánuður reyndist frekar kaldur, sérstaklega á Norðausturlandi þar sem snjóþungt var fram eftir mánuðinum. Maí var aftur á móti hlýr en úrkomusamur sunnanlands á meðan sá mánuður var þurr og sólríkur Norðaustanlands. Sumarsins 2024 verður víða minnst sem sumarið sem aldrei kom þar sem það einkenndist af lægðagangi og óhagstæðri tíð. Það var bæði blautt og kalt á landinu öllu og nokkuð langvinnit norðanhret gekk yfir landið í byrjun sumars þar sem óvenjumikið snjóaði á norðanverðu landinu miðað við árstíma. Góðviðrisdagur sumarsins töldust vera heldur fáir víðast hvar á landinu. Haustið reyndist sömuleiðis heldur kalt en hægviðrasamt þó fyrri hluti nóvembermánaðar hafi verið óvenjulega hlýr þar sem hitamet féllu á nokkrum veðurstöðvum Veðurstofu Íslands. Almenn reyndist þó hefyngur betri eftir sumarið en menn þorðu fyrirfram að vona. Kornuppskera reyndist mjög misjöfn eftir landslutum og fór mikið eftir því hvenær tókst að koma sáðkorninu niður um vorið.

Auðhumla svf. er samvinnufélag mjólkurframleiðenda um allt land utan Skagafjarðar, þar sem mjólkurframleiðendur eru félagsaðilar að samvinnufélaginu Kaupfélagi Skagfirðinga. Hlutverk móðurfélagsins Auðhumla svf. eru m.a. gæðaeftirlit og ráðgjöf til mjólkurframleiðenda um meðferð mjólkur og uppgjör við mjólkurframleiðendur á félagssvæðinu á þeirri hrámjólk sem þeir leggja inn hverju sinni. Auðhumla svf. selur síðan hrámjólkina á heildsöluverði áfram til þeirra mjólkurvinnslufyrirtækja sem vilja vinna vörur á neytendamarkað úr hrámjólkinni.

Auðhumlusamstæðan öll hefur á undanförunum misserum innleitt nýtt tölvakerfi sem kallast Business Central (BC) og í október 2024 tók móðurfélagið í notkun 1. fasann í þessu nýja tölvakerfi. Um er að ræða þann hluta kerfisins sem snýr að félaga- og fjárhagskerfinu, s.s. bókun sölu- og innkaupareikninga, launakerfi og lánakerfi. Annar fasi tölvakerfisins er sérhæfðari og inniheldur afurðakerfi Auðhumla svf. sem heldur utan um innvigtunarbók, efnamælingar frá Rannsóknarstofu mjólkuriðnaðarins (RM) og annað sem snýr að utanumhaldi og uppgjöri við bændur. Innleiðing á þessum 2. fasa tölvakerfisins hefur því miður tafist meira en ráð var fyrir gert og er nú horft til haustsins 2025 hvað það varðar.

Greiðslumark mjólkur árið 2024 var 151,5 millj. lítra og innlögð mjólk ársins nam alls tæpum 153,7 millj. lítra á landinu öllu sem er nýtt Íslandsmet. Þar af var innlögð mjólk á félagssvæði Auðhumla svf. rúmar 135 millj. lítra. Í lok ársins 2024 var fjöldi innleggjenda hjá Auðhumla svf. alls 415 og hafði fækkað um 13 frá árinu á undan. Meðalinnvigtun frá hverjum framleiðanda reyndist vera 332.365 lítrar miðað við landið allt, sem er aukning um u.þ.b. 17.000 lítra frá fyrra ári. Félagsaðilar í stofnsjóði Auðhumla svf. voru 460 í lok ársins en þeir voru 483 í upphafi árs. Inneign í stofnsjóði í árslok 2024 nam rétt tæplega 2,0 ma. króna sem er aukning um tæpar 50 millj. króna milli ára. Í samvinnufélaginu Auðhumla starfa nú 14 félagsdeildir og er fjöldi þeirra óbreyttur milli ára.

Deildarfundir Auðhumla svf. 2024 voru haldnir með hefðbundnum hætti um allt land í marsmánuði þar sem stjórnarformaður og framkvæmdastjóri Auðhumla svf. ásamt stjórnarformanni og forstjóra MS ehf. fóru yfir starfsemi félaganna og áttu milli-liðalaus samskipti við félagsmenn. Aðalfundur Auðhumla svf. 2024 var haldinn miðvikudaginn 24. apríl í húsnæði MS að Bitruhálsi í Reykjavík. Á aðalfundinum voru hefðbundin aðalfundar-

störf samkvæmt samþykktum félagsins auk þess sem gerðar voru lítilsháttar breytingar á samþykktum félagsins.

Rekstrartekjur móðurfélagsins Auðhumla svf. námu alls tæpum 18,2 ma. króna sem er aukning um 1,1 ma. króna milli ára eða um 6,5%. Þessi hækkun er tilkomin vegna hækkunar á heildsöluverði á ógerilsneyddri mjólk í lausu máli sem verðlagsnefnd búvara tók ákvörðun um á árinu 2024. Tap móðurfélagsins nam um 31,1 millj. króna sem er verulegur viðsnúningur frá fyrra ári þegar hagnaður móðurfélagsins nam um 640 millj. króna. Helstu ástæður þessa viðsnúnings er hærri hlutfall kostnaðarverðs seldra vara af rekstrartekjum félagsins sem og áhrif dóttur- og hlutdeildarféлага sem samtals skiluðu tapi til móðurfélagsins.

Rekstrartekjur Auðhumlusamstæðunnar námu tæpum 48,8 ma. króna sem er aukning um tæplega 3,0 ma. króna milli ára eða um 6,0%. Þessi hækkun er tilkomin vegna verðhækkana og sölu-aukningar, bæði á innanlandsmarkaði og erlendis. Hærri rekstrartekjur náðu þó ekki að vinna upp hækkandi kostnað vegna aðfanga, launa og vaxta innan ársins og skilaði samstæðan 44,3 millj. kr. tapi á árinu 2024 sem er viðsnúningur frá fyrra ári þegar samstæðan skilaði 740 millj. kr. hagnaði. Má þar nefna að fjármagnsgjöld samstæðunnar hækkðu verulega á milli ára eða um tæplega 219 millj. króna. Hjá Auðhumlusamstæðunni var fjöldi ársverka 465 í árslok og fjölgaði þeim á árinu um 2. Eiginfjárlutfall samstæðunnar nam 50,0% í árslok 2024 á móti 51,9% í árslok 2023.

Að öðru leyti skal vísað til ársreikninga móðurfélagsins og samstæðunnar.

Að lokum vil ég þakka stjórn félagsins, mjólkurframleiðendur, starfsfólki og öðrum samstarfsaðilum fyrir ánægjulega samvinnu og góð samskipti á árinu.

Ávarp stjórnarformanns MS

Elín M. Stefánsdóttir



Þegar ég var að alast upp í þistilfirði fyrir um 40 - 50 árum var ein og stundum tvær kýr á bænum. Á þeim árum var skyr og smjör búið til heima. Ef mjólkinn var meiri en heimilið gat notað var farið með einn eða tvo brúsa í samlagið á Þórshöfn. Amma gerði besta skyrið í sveitinni og ef þurfti nýjan „þétti“ - eða það sem við köllum „kultur“ í dag - fyrir skyrframleiðsluna í samlaginu var leitað til ömmu. Eins man ég eftir að hafa verið send með smá slettu af skyri í lítilli fötu á hesti milli bæja þegar nágrannakonuna vantaði „þétti“ í sitt skyr. Þetta lýsir skemmtilega þeim miklu breytingum sem hafa átt sér stað í samfélagsaðstæðum okkar á þessum árum sem liðin eru frá þessum minningum – en ég er bara rúmlega fimmtug !

Þessi kunnátta að búa til skyr var til staðar á flestum bæjum og þótti sjálfsögð í gegnum aldirnar og er eitt það dýrmætasta sem við eigum í matarhefðum því skyrið hefur staðist tímans tönn. Kunnáttan fluttist milli kynslóða mann fram af manni og kynslóðirnar hafa haldið áfram að elska sitt skyr.

Útflutningur á skyri hefur aukist mikið á sl. árum og nú er svo komið að það sem flutt er út er orðið meira en það sem er framleitt fyrir innanlandsmarkað. Þetta er eitt af stóru tækifærum mjólkurframleiðslunnar á Íslandi. Eins eru stór tækifæri á innanlandsmarkaði, en það er að hluta til undir stjórnvöldum komið á hverjum tíma hvernig þau tækifæri eru nýtt. Íslensk mjólkurframleiðsla nýtur þeirrar sérstöðu að mjólkinn er að stórum hluta framleidd af kúm sem bíta gras og éta hey, sem er sífellt minnkandi hluti fóðurs í heiminum. Íslenskur landbúnaður hefur nægt landrými og hreint vatn og það er mikilvægt að við höldum þessum gæðum á lofti. Þetta eru auðlindir sem langt í frá allar þjóðir búa við í sama mæli og íslenskur landbúnaður. En samvinna milli stjórna-

valda, bænda og mjólkuriðnaðarins er grunnurinn að því hvernig við nýtum tækifærin.

Nýliðið ár færði okkur ýmsar áskoranir í rekstri Mjólkursamsölnunnar. Niðurstaðan úr rekstrinum var neikvæð um 273 milljónir króna. Það er óviðunandi að vera með neikvæða niðurstöðu þegar þörfin fyrir endurnýjun á vélum og tækjum ásamt uppbyggingu á fyrirtækinu er hrópanði.

Undanfarið hefur sífellt borið meira á skilningsleysi gagnvart því landbúnaðarkerfi sem við búum við. Grunnurinn að því kerfi er undanþága skv. 71. grein búvörulaga sem komið var á á fyrsta áratug þessarar aldar. Þetta var grundvöllurinn að gríðarlegri hagræðingu og framleiðniaukningu í mjólkurframleiðslu og vinnslu á Íslandi. Ég held að þessu sé ekki of oft haldið á lofti. Með þessari undanþágu fengu afurðafyrirtæki í mjólkurframleiðslu möguleika á að sameina krafta sína til að hámarka afkomu og lágmarka kostnað. Þessum ávinningi af hagræðingu hefur fyrst og fremst verið skilað til neytenda og bænda. Með fyrrnefndri undanþágu hefur mjólkuriðnaðurinn tekið á sig skyldur til að sækja alla mjólk hjá öllum bændum á sama flutningsgjaldi og greiða öllum bændum sama verð fyrir mjólkina. Verð á mjólk til bænda er ákvarðað undir hatti opinberrar verðlagningar sem og heildsöluverð helstu mjólkurvara frá afurðastöðvum. Samhliða þessu fyrirkomulagi verðum við að stuðla að því að framfarir og hagkvæmni í búvöruframleiðslu, vinnslu og sölu sé til hagsbóta fyrir framleiðendur og neytendur, líkt og segir í búvörulögum. Hún átti og á að tryggja að iðnaðurinn geti staðið undir umsómdum afurðagreiðslum til bænda og einnig þeirri framlegð að afurðastöðvar geti búið við sjálfbæran rekstur og haft möguleika á að þróast til frekari verðmætasköpunar. Til þess að svo megi verða þarf að tryggja tollvernd greinarinnar ásamt nauðsynlegri eftirfylgni

af hálfu stjórnvalda.

Eins og ljóst hefur orðið í vinnu verðlagsnefndar sl. ár er hróplegur munur á framleiðslukostnaði mjólkur á Íslandi og í þeim löndum sem við erum að keppa við í verði þegar kemur að innflutningi. Mestu munar þar um laun og vexti. Mjólkuriðnaður á Íslandi er ekki rekinn í hagnaðarskyni, en hann verður að hafa svigrúm til vaxtar. Sameining og samrekstur í iðnaðinum hefur, eins og áður sagði, skilað gríðarlegri hagræðingu, en þeir sem hafa notið afkastursins af þeirri hagræðingu eru að mestu leyti neytendur og ríkið, því að á sama tíma og ávinningi af hagræðingu iðnaðarins hefur verið skilað til neytenda og bænda hefur hlutfall tekna bænda af ríkisframlögum lækkað gríðarlega. Einhvern vegin hefur það endað þannig að þeir sem hagræddu, sitja eftir með lægri afkomu en við verður unað. Fjárfestingaþörfin er ekki bara í iðnaðinum heldur er orðin hrópleg þörf á uppbyggingu heima á búunum líka.

Það hefur mikið vatn runnið til sjávar síðan amma sendi mig með þéttinn milli bæja og mikil uppbygging orðið í sveitum landsins og hjá iðnaðinum frá þeim tíma þrátt fyrir allt. Við þurfum að skapa samstöðu um þá sýn að íslenskir kúabændur framleiði um ókomna tíð hollar og góðar mjólkurvörur fyrir íslenska neytendur. Það er hluti af fæðuöryggi okkar og sjálfsmynd sem þjóðar.

Fyrir hönd stjórnar Mjólkursamsölnunnar vil ég þakka starfsfólki og stjórnendum fyrir vel unnin störf á árinu 2024. Einnig þakka ég bændum fyrir þann stuðning og velvilja sem ég hef notið í störfum mínum sem stjórnarformaður Mjólkursamsölnunnar.

Eyjafirði í apríl 2025
Elín M. Stefánsdóttir

Frá forstjóra MS

Pálmi Vilhjálmsson



Rekstur og umgjörð í starfsemi

Mjólkursamsölunnar

Starfsemi Mjólkursamsölunnar á árinu 2024 einkenndist m.a. af fjárhagslega þyngri afkomu á árinu samanborið við undanfarin ár. Þessa breytingu má rekja til margra samhangandi óvissuþátta í starfsumhverfi okkar sem hafa verið ríkjandi á árinu. Má þar nefna hátt vaxtastig, háa verðbólgu innanlands auk erlendra verðhækkana á aðföngum fyrirtækisins. Þessar aðstæður komu fram með afgerandi hætti og beint ofaní allar þær sviptingar sem höfðu átt sér stað í umhverfi okkar og aðstæðum síðastliðin fjögur ár þar á undan sem við þekkjum vel. Þær verðbreytingar afurða út á markaði sem fengust á árinu komu ekki nógu ört til að mæta auknum kostnaði og náðu því ekki að veða þessar aðstæður upp nógu fljótt. Þessar verðhækkningar eru að mestu komnar inn í afurðaverð mjólkurvara nú á fyrri hluta rekstrarársins 2025 og er því vænst að það eigi að sjást í batnandi afkomu strax í kjölfarið. Þessar aðstæður sem hér er lýst undirstrika með skýrum hætti hvað starfsemi er viðkvæm fyrir breytingum í rekstrarumgjörð okkar. Af rekstrarþáttum sem vögu þyngst í erfiðari afkomu félagsins á árinu 2024, fyrir utan tekjubátt félagsins, munaði þar mestu um fjármagns-, launa- og aðfangakostnað sem hækkaði mikið. Reksturinn náði þó að skila yfir 2.000 milljónum kr. hagnaði fyrir afskriftir og fjármagnsliði (EBITDA) á árinu sem er mjög mikilvægt, en hann nam um 2.300 millj. kr. 2023.

Framleiðsla, innanlandssala,

birgðahald og önnur ráðstöfun mjólkur.

Á árinu 2024, sem og 2023, héldust þættir eins og framleiðsla, sala og birgðahald mjólkur og mjólkurvara í góðu jafnvægi hvort við annað. Sömu sögu er að segja um samanlagðan gripastofn bænda til mjólkurframleiðslu, en þar skiptir máli að stærð stofnsins hverju sinni sé í sem bestu samræmi við þarfir innanlandsmarkaðar að því marki sem framleiðendum er unnt að stýra stærð stofnsins hverju sinni. Þar skiptir fyrir-sjáanleiki bændur miklu máli.

Eins og áætlanir gerðu ráð fyrir varð aukning í sölu mjólkurvara á árinu í samanburði við fyrra ár. Aukning varð í sölu bæði á fitu- og próteingrunni. Innanlandssala hefur stigið hægt og bítandi

undangengin ár, en sú þróun hefur endurspeglast í þeirri aukningu greiðslumarks sem hefur orðið samhlíða. Á sl. fimm árum, eða frá árinu 2020, hefur greiðslumark mjólkur aukist um 7 milljónir lítra – eða að jafnaði um tæpa 1,5 milljón lítra á ári. Próteinhalli innanlandsmarkaðar hefur verið nokkuð jafn undangengin ár eða sem nemur 17 – 18 milljónum lítra á ársgrunni.

Önnur ráðstöfun mjólkur

Í ársskýrslum síðastliðinna tveggja ára var fjallað um mikilvægi þess að nýta í auknu mæli tollfrjálsan kvóta Íslands til útflutnings á skyri í samræmi við milliríkjasamning sem undirritaður var síðla árs 2015 og opnaði í kjölfarið fyrir auknar útflutningsheimildir m.a. fyrir skyr. Á árinu 2024 var settur aukinn kraftur í útflutning á skyri á ESB – markað og gekk útflutningurinn vel. Á árinu gerðist það í fyrsta sinn að útflutningur á íslensku skyri frá Mjólkursamsölnni nam meira í magni talið en skyrjala fyrirtækisins á innanlandsmarkaði. Útflutningur skrys á árinu nam um 3.100 tonn og hefur aldrei fyrr náð slíkum hæðum. Á yfirstandandi ári 2025 má jafnvel búast við því að skyrútflutningur MS geti aukist enn frekar þar sem erlendir markaðir hafa óskað eftir skyri til sölu frá okkur sem framleitt er á Íslandi og merkt sérstaklega með þjóðfána okkar.

Það skiptir sköpum fyrir greiðslugetu umfram-mjólkur að nýting útflutningsmarkaða fyrir skyr verði eins mikil og unnt er. Ráðstöfun mjólkurpróteins með skyrútflutningi, í stað undarennudufts eða undarennuosts, gefur mun hærri útflutnings-tekjur og því sterkari tekjuforsendur fyrir MS og þ.m.t. til greiðslu fyrir umfram-mjólk. Það þarf því vart að undirstrika fjárhagslegt mikilvægi þess að nýta þennan tollfrjálsa skyrkvóta hvort sem lítið er til umfram-mjólkurverðs til bænda eða fjárhags Mjólkursamsölunnar við útflutning á próteini vegna próteinhalla.

Fjárfestingar og endurfjármögnun Mjólkursamsölunnar

Á síðustu árum hefur verið fjallað um fjárfestingaþörf Mjólkursamsölunnar bæði í fasteignum og búnaði til mjólkurvinnslu. Á þeim tíma hafa ýmsar aðstæður komið í veg fyrir að unnt hafi verið að hefjast handa við veigamestu fram-

kvæmdir sem fyrirhugaðar eru og þá einna helst í byggingu fasteigna, sem brýn þörf er á, sem og endurnýjun tækja og búnaðar til mjólkurþurrkunar. Á sama tíma hefur þó verið fjárfest umtalsvert í endurnýjun á öðrum framleiðslubúnaði til mjólkurvinnslu. Sú fjárfesting hefur aukið fjölbreytileika í framleiðslu og þökkun mjólkurvara og jafnframt stuðlað að auknum afköstum og gæðaöryggi framleiðslunnar.

Mikið var unnið á liðnu ári 2024, að frekari hönnun og greiningu á fjárfestingaþörf Mjólkursamsölunnar og má þar nefna að teikningar og hönnun fyrstu nýfjárfestinga í fasteignum sem ráðast þarf í er nánast lokið. Opinberu ferli kynninga og umfjöllunar skipulagsyfirvalda er lokið fyrir fyrstu fyrirhuguðu fasteignafarmkvæmdir. Vonast er til að fyrstu framkvæmdir við nýbyggingu á vegum MS geti hafist á haustmánuðum 2025. Einnig hefur verið lagt í vinnu við tæknihönnun vegna endurnýjunar vinnslubúnaðar. Veigamikill þáttur í öllu því sem fyrir dyrum stendur í fjárfestingum Mjólkursamsölunnar er sú endurfjármögnun sem nauðsynleg er og fulltrúar eigenda og stjórnendur hafa unnið að á undanförmum misserum. Endurfjármögnun er ein af forsendum sem þurfa að liggja fyrir svo unnt verði að hefja framkvæmdir skv. þörfum fyrirtækisins. Upplýsingaöflun, úrvinnsla þeirra upplýsinga og samningavinna við lánastofnanir hefur farið fram undanfarna mánuði og liggja helstu niðurstöður þegar fyrir. Vonast er til að hægt verði að klára fjármögnunarferlið á sumarmánuðum.

Ég vil þakka stjórn félagsins, stjórnendum MS og öllu starfsfólki á starfsstöðvum félagsins svo og bændum fyrir gott og árangursríkt samstarf á liðnu ári.

Pálmi Vilhjálmsson
Forstjóri Mjólkursamsölunnar

Fulltrúar deilda Auðhumlu

á aðalfundi 30. apríl 2025

Austurlandsdeild

Aðalfulltr.:		
Deildarstjóri:	Björgvin Gunnarsson	Núpi
Varadeildarstjóri:	Jón Elvar Gunnarsson	Breiðavaði
Varafulltr.:	Sigbjörn Þór Birgisson	Egilsstöðum 4
	Sigurbjörg Sigurbjörnsdóttir	Gilsárteigi 2

Austur-Skaftafellsdeild

Aðalfulltr.:		
Deildarstjóri:	Birgir Freyr Ragnarsson	Flatey
Varafulltr.:	Valdimar Ingólfsson	Grænahnrauni

Vestur-Skaftafellsdeild

Aðalfulltr.:		
Deildarstjóri:	Magnús Sigurjónsson	Eystri-Pétursey
Varadeildarstjóri:	Bjarni Bjarnason	Hraunkoti
Varafulltr.:	Gunnar Þormar Þorsteinsson	Vatnskarðshólum
	Arnfríður S. Jóhannesdóttir	Herjólfsstöðum 2

Eyjafjalladeild

Aðalfulltr.:		
Deildarstjóri:	Magðalena Jónsdóttir	Drangshlíðardal
Varadeildarstjóri:	Aðalbjörg Rún Ásgeirsdóttir	Stóru-Mörk 3
Varafulltr.:	Sigríður Björk Ólafsdóttir	Fit
	Ragnar Lárusson	Stóra-Dal

Landeyjadeild

Aðalfulltr.:		
Deildarstjóri:	Karel Geir Sverrisson	Seli
Varadeildarstjóri:	Jóhann Rúnar Sævarsson	Stíflu
Varafulltr.:	Guðmundur Jónsson	Berjanesi
	Axel Sveinbjörnsson	Hólumum

Fjótshlíðar-, Hvols- og Rangárvalladeild

Aðalfulltr.:		
Deildarstjóri:	Guðmundur Ómar Helgason	Lambhaga
Varadeildarstjóri:	Þórir Már Ólafsson	Bollakoti

Holta-, Landmanna-, Ása- og Djúpárdeild

Aðalfulltr.:		
Deildarstjóri:	Hannes Ólafsson	Austvaðsholti
Varadeildarstjóri:	Ágúst Sæmundsson	Bjólu
Varafulltr.:	Daníel S Ólafsson	Guttormshaga
	Helga Björg Helgadóttir	Syðri-Hömrum 3

Uppsveitadeild

Aðalfulltr.:		
Deildarstjóri:	Bragi Viðar Gunnarsson	Túnsbergi 3
Varadeildarstjóri:	Ísak Jökulsson	Ósabakka
	Jórunn Svavarsdóttir	Drumboddsstöðum 1
	Ragnhildur Sævarsdóttir	Hjálmstöðum
	Samúel U. Eyjólfsson	Bryðjuholti
Varafulltr.:	Eiríkur Jónsson	Gýgjarhólskoti
	Kristján Valur Sigurjónsson	Kotlaugum
	Mads Stub Joergensen	Gýgjarhólskoti
	Atli Geir Scheving Guðmundsson	Hrafnkelsstöðum 3
	Daníel Pálsson	Hjálmstöðum

Flóa- og Ölfusdeild

Aðalfulltr.:		
Deildarstjóri:	Haraldur Einarsson	Urriðafossi
Varadeildarstjóri:	Ágúst Ingi Ketilsson	Brúnastöðum 2
	Byndís Eva Óskarsdóttir	Dalbæ
Varafulltr.:	Fanney Ólafsdóttir	Hurðarbaki
	Hrafnhildur Baldursdóttir	Litla-Ármóti
	Ragnar Finnur Sigurðsson	Litla-Ármóti

Vesturlandsdeild

Aðalfulltr.:		
Deildarstjóri:	Laufey Bjarnadóttir	Stakkhamri
Varadeildarstjóri:	Ólöf Ósk Guðmundsdóttir	Miðdal
	Sigurjón Helgason	Mel
	Sigurður Óli Ólason	Lambastöðum
	Halldór J. Gunnlaugsson	Hundastapa
Varafulltr.:	Kristján Ágúst Magnússon	Snorrastöðum
	Karen Björg Gestsdóttir	Kaldárbakka
	Helgi Már Ólafsson	Þverholtum
	Simon Bergur Sigurgeirsson	Lundi
	Hanna Laufey Jónasdóttir	Jörfa

Breiðafjarðardeild

Aðalfulltr.:		
Deildarstjóri:	Sigrún Hanna Sigurðardóttir	Lyngbrekku 2
Varadeildarstjóri:	Unnsteinn Hermannsson	Leiðólfsstöðum 2
Varafulltr.:	Bjargey Sigurðardóttir	Skerðingsstöðum
	Nanna Jónsdóttir	Efri-Rauðsdal

Vestur-Húnaþingsdeild

Aðalfulltr.:		
Deildarstjóri:	Valgerður Kristjánsdóttir	Mýrum III
Varadeildarstjóri:	Ármann Pétursson	Neðri-Torfustöðum
Varafulltr.:	Hermann Geir Karlsson	Tannstaðabakka
	Sveinn Óli Friðriksson	Syðsta-Ósi

Austur-Húnaþingsdeild

Aðalfulltr.:		
Deildarstjóri:	Ingvar Björnsson	Hólabaki
Varadeildarstjóri:	Ingibjörg Sigurðardóttir	Auðólfsstöðum
Varafulltr.:	Sigurður Rúnar Magnússon	Hnjúki
	Magnús Björnsson	Syðra-Hóli

Norðausturdeild

Aðalfulltr.:		
Deildarstjóri:	Ásta Pétursdóttir	Hranastöðum
Varadeildarstjóri:	Geir Árdal	Dæli
	Lilja Dögg Guðnadóttir	Stóra-Dunhaga 2
	Guðmundur Stefán Bjarnason	Svalbarði
	Þórir Nielsson	Torfum
	Guðmundur Óskarsson	Hrúshóli
	Þórunn Jónsdóttir	Sólvangi 2
	Aðalsteinn Hreinsson	Auðnum
	Dagbjört Jónsdóttir	Sökku
	Hermann Ingi Gunnarsson	Klauf
Varafulltr.:	Ástþór Örn Árnason	Ytra-Felli
	Berglind Kristinsdóttir	Hrafnagili
	Hólmar Vilhjálmur Gunnarsson	Hálsi
	Steinunn Harpa Jónsdóttir	Syðri-Grund 2
	Haukur Marteinsson	Grænuvöllum
	Baldur Helgi Benjamínsson	Ytri-Tjörnum
	Gunnhildur Gylfadóttir	Steindyrum
	Laufey Skúladóttir	Stóru-Tjörnum
	Karl Heiðar Friðriksson	Grund
	Ásvaldur Ævar Þormóðsson	Stóru-Tjörnum

Stjórn Auðhumlu



Efri röð f.v.: Magðalena Jónsdóttir, Óttar Bragi Þráinsson, Björgvin R. Gunnarsson og Ásvaldur Ævar Þormóðsson.
Neðri röð f.v.: Elín M. Stefánsdóttir, Ágúst Guðjónsson, Þórunn Andrésdóttir og Jóhannes Hr. Símonarson.

Formaður

Ágúst Guðjónsson, Læk

Varaformaður

Þórunn Andrésdóttir, Bryðjuholti

Ritari

Óttar Bragi Þráinsson, Miklaholti

Meðstjórnendur

Magðalena Jónsdóttir, Drangshlíðardal
Elín M. Stefánsdóttir, Fellshlíð
Ásvaldur Ævar Þormóðsson, Stóru-Tjörnum
Björgvin R. Gunnarsson, Núpi

Varamenn

Sif Jónsdóttir, Laxamýri
Haraldur Magnússon, Belgsholti
Linda B. Ævarsdóttir, Steinnýjarstöðum

Skoðunarmenn

Haraldur Einarsson, Urriðafossi
Baldur Helgi Benjamínsson, Ytri-Tjörnum

Varaskoðunarmenn

Geir Árdal, Dæli
Valgerður Kristjánsdóttir, Mýrum III

Framkvæmdastjóri

Jóhannes Hr. Símonarson

Starfssvæði Auðhumlu



■ Starfssvæðið

Verðlaunahafar 2024

Lögð inn úrvalsmjólk alla mánuði ársins



Vesturlandsdeild



Austurlandsdeild



A.-Húnaþingsdeild



Flóa- og Ölfusdeild



Norðausturdeild



Deildir Rangárvallasýslu



Uppsveitadeild



V.-Skaftafellsdeild

Reglur um verðlaunaveitingu fyrir mjólk í

1. flokk A eru þessar:

Verðlaun fá þeir innleggjendur sem lögðu inn mjólk í 1. flokki A í öllum mánuðum ársins auk þess sem:

- Hámark frumtölu í mánuðinum sé 200 þúsund frumur/ml eða lægra - mælt og reiknað sem faldmeðaltal
- Hámark líftölu í mánuðinum sé 20.000 ein/ml, mælt og reiknað sem beint meðaltal mánaðarins
- Hámark frírra fitusýra sé 0,9 mmol/l, reiknað sem faldmeðaltal mánaðar

Innl. nr.	Nafn	Heimili	Deild
10051	Egilsstaðabúið ehf.	Egilsstöðum	Austurlandsdeild
51991	Taktlaus ehf.	Brúsastöðum	A.-Húnaþingsdeild
52771	Baldvin Sveinsson	Tjörn	A.-Húnaþingsdeild
20140	Haukur Sigurjónsson	Seljatungu	Flóa- og Ölfusdeild
20313	Gísli Hauksson,	Stóru-Reykjum	Flóa- og Ölfusdeild
22355	Pétur og Charlotte	Hvammi	Flóa- og Ölfusdeild
20679	Karl Jónsson	Bjargi	Uppsveitadeild
20700	Ósabakki ehf.	Ósabakka	Uppsveitadeild
21701/02	Eiríkur og Mads	Gýgjarhólskoti	Uppsveitadeild
22221	Bolette Höeg Koch	Hæli 1	Uppsveitadeild
20933	Félagsbúið Guttormshaga	Guttormshaga	Holta-, Landm-, Ása- og Djúpárdeild
20948	Kristinn Guðnason og Elín Guðjónsdóttir	Þverlæk	Holta-, Landm-, Ása- og Djúpárdeild
21329/30	Eggert og Páll	Kirkjulæk	Fljótshl., Hvols- og Rangárvalladeild
21335	Teigur 1 sf.	Teigi 1	Fljótshl., Hvols- og Rangárvalladeild
21804	Skógabúið sf.	Ytri-Skógum	Eyjafjalladeild
21958	Katrín og Sigurður	Ásólfsskála	Eyjafjalladeild
22111	Anna Berglind og Guðni Þór	Þúfu	Landeyjadeild
22811	Félagsbúið Holti 2	Holti 2	V.-Skaftafellsdeild
30187	Mjólk og menn ehf.	Gunnlaugsstöðum	Vesturlandsdeild
30462	Jörfabændur ehf.	Jörfa	Vesturlandsdeild
30592	Sigurjón Grétarsson	Furubrekku	Vesturlandsdeild
33408	Belgsholt ehf.	Belgsholti	Vesturlandsdeild
35180	Kjartan Jósefsson	Nýju Búð	Vesturlandsdeild
36406	Miðdalsbúið ehf.	Miðdal	Vesturlandsdeild
60057	Hríshólsbúið ehf.	Hríshóli	Norðausturdeild
60089	Árni og Guðrún	Villingadal	Norðausturdeild
60107	Ytri-Tjarnir ehf.	Ytri Tjörnum	Norðausturdeild
60232	Róbert Fanndal Jósavinsson	Litla-Dunhaga	Norðausturdeild
60234	Stóri-Dunhagi ehf.	Stóra-Dunhaga	Norðausturdeild
60440	Gunnsteinn Þorgilsson	Sökku	Norðausturdeild
60451	Trausti Þórisson	Hofsá	Norðausturdeild
60493	Guðrún Marinósdóttir	Búrfelli	Norðausturdeild
60516	Karl Ingi Atlason	Hóli	Norðausturdeild
60536	Karl Heiðar Friðriksson	Grund	Norðausturdeild
60572	Þorleifur K Karlsson	Hóli	Norðausturdeild
60615	Karl Björnsson	Veisu	Norðausturdeild
68034	Vogabúi ehf.	Vogum 1	Norðausturdeild
68118	Hildigunnur Jónsdóttir	Lyngbrekku	Norðausturdeild
68235	Snæþór Haukur Sveinbjörnsson	Búvöllum	Norðausturdeild
68540	Félagsbúið Hraunkoti	Hraunkoti 1	Norðausturdeild
68596	Félagsbúið Laxamýri	Laxamýri	Norðausturdeild
68620	Steinþór Heiðarsson	Ytri-Tungu 1	Norðausturdeild

Fjöldi:

44

Mjólkursamsalan ehf. 2024



Efri röð f.v.: Óttar Bragi Þráinsson, Sigurjón Rúnar Rafnsson, Björgvin R. Gunnarsson, Magðalena Jónsdóttir og Pálmi Vilhjálmsson.
Neðri röð f.v.: Ásvaldur Ævar Þormóðsson, Þórólfur Gíslason, Elín M. Stefánsdóttir, Ágúst Guðjónsson og Þórunn Andrésdóttir.

Stjórn Mjólkursamsölunnar skipa

Elín Margrét Stefánsdóttir, formaður
Þórólfur Gíslason, varaformaður
Ágúst Guðjónsson, meðstjórnandi
Þórunn Andrésdóttir, meðstjórnandi
Ásvaldur Þormóðsson, meðstjórnandi

Varamenn

Björgvin R. Gunnarsson
Magðalena Jónsdóttir
Óttar Bragi Þráinsson
Sif Jónsdóttir
Sigurjón Rúnar Rafnsson

Forstjóri

Pálmi Vilhjálmsson

Rekstur

Rekstrartekjur Mjólkursamsölunnar ehf. námu 41,9 milljörðum á árinu 2024, samanborið við 39,4 milljarða árið 2023. Vöxtur milli ára nam því 6,4%. Sala innanlands jókst að verðmæti um rúma 2 milljarða og útflutningur sem jókst verulega á árinu eða um tæp 70%, fór úr að vera 3,31% af heildartekjum ársins 2023 í að vera 5,27% af heildartekjum 2024. Heildarverðmæti útflutnings nam um 2.200 milljónum kr. Innanlandssala á árinu 2024 á viðbiti nam um 2.524 tonnum, 6.543 tonnum af ostum og um 1.360 tonnum af dufti. Sala á skyrvörum nam um 3.646 tonnum og sala ferskra og sýrðra mjólkurvara annarra um 41,8 milljónum lítra.

Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði varð rúmir 2 milljarðar sem var um 310 milljón kr. lækkun milli ára. Fjármagnskostnaður og afskriftir voru meðal þeirra liða sem hækkuðu hvað mest á árinu, en niðurstaða rekstrar eftir skatta var tap upp á 273 milljónir króna.

Eignarhald Mjólkursamsölunnar ehf. er óbreytt, Auðhumla 80% og Kaupfélag Skagfirðinga 20%.

Heildareignir Mjólkursamsölunnar ehf. voru 21 milljarðar í lok árs 2024 og eigið fé félagsins var 8,7 milljarðar. Eiginfjárhlutfall er því 41,5% og lækkar örlítið milli ára.


Stöðugildi á árinu voru 450 og fjölgaði um 2,5% milli ára. Starfsemi Mjólkursamsölunnar fer fram á Sel-fossi, Egilsstöðum, Akureyri, Búðardal og Reykjavík.

Á undanföllum árum hefur verið stígjandi í rekstri Mjólkursamsölunnar. Hagræðing hefur átt sér stað sem hefur skilað sér í bættri afkomu en rekstrarárin 2023 og 2024 einkenndust af verulega háum vaxtagreiðslum sem tengjast beint stýrivaxtahækkunum Seðlabanka Íslands. Háar vaxtagreiðslur skýra að stórum hluta rekstrartap ársins 2024. Til að bregðast við þessu ástandi er m.a. unnið að endurskipulagningu lánasafns Mjólkursamsölunnar. Stefnt er að því að ljúka þeirri vinnu svo fljótt sem auðið er. Einnig er unnið áfram að hagræðingar- og hagræðingum sem hafa staðið yfir um skeið og er gert ráð fyrir að strax á rekstrarárinu 2025 verði reksturinn orðinn jákvæður aftur.

Mjólkursamsalan býr yfir traustu og reynslumiklu starfsfólki sem vinnur störf sín m.a. af hugsjón og mikilli fagmennsku. Starfsfólk Mjólkursamsölunnar fær þakkir fyrir sitt framlag á árinu.

Ísey útflutningur ehf.

Rekstrarárið 2024



Rekstur Ísey útflutnings ehf. (hér eftir „Ísey“) gekk vel á árinu 2024. Tekjur félagsins jukust milli ára og námu 4.030 milljónum króna vegna ársins 2024. Rekstrarkostnaður nam 3.634 milljónum á árinu 2024, rekstrarhagnaður nam 378 milljónum króna og hagnaður fyrir skatta var 286 milljónir króna. Aukin sala er á öllum helstu mörkuðum félagsins og gefur skýrt til kynna að tækifæri eru fram undan til að efla Ísey enn frekar.

Ég tók við starfi framkvæmdastjóra Ísey á haustmánuðum 2024, en fram að því gegndi Ómar Þorgeirsson, fjármálastjóri Mjólkursamsölnunar, hlutverki framkvæmdastjóra frá því Einar Einarsson lét af störfum. Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka stjórn félagsins traustið og Ómari fyrir hans mikilvægu störf fyrir félagið. Jafnframt vil ég leggja áherslu á hversu þýðingarmikið samstarfið við Mjólkursamsölnuna er, einkum á sviði vöruþróunar. Sterk vöruþróun er lykilstoð í sókn okkar á erlendum mörkuðum og forsenda þess að við getum byggt upp sterka stöðu þar sem við höfum náð fötfestu.

Undanfarna mánuði höfum við unnið markvisst að endurskipulagningu á starfsemi okkar í Evrópu. Markmiðið er að komast nær viðskiptavinum og virkja betur þann slagkraft sem vörumerkið Ísey Skyr hefur á evrópskum skyrmarkaði. Við sjáum mikil vaxtartækifæri bæði á núverandi mörkuðum og í nýjum löndum, og því er lykilatriði að skýrt umboð, skipulag og starfsemi séu þannig úr garði gerð að þau styðji við áframhaldandi sókn.

Við höfum stofnað dótturfélagið **Ísey Europe** og höfum samningaviðræður við núverandi samstarfsaðila í Evrópu um kaup á rekstri þeirra. Gengið hefur verið frá kaupum á starfsemi í Frakklandi og viðræður við fleiri umboðsaðila eru langt komnar. Til að styðja okkur í þessari um-

breytingu réðum við Sami Wirman, sem ráðgjafa fyrst um sinn, og síðar sem framkvæmdastjóra Ísey Europe, þegar daglegur rekstur þess félags hefst. Sami kemur frá Finnlandi og býr yfir víðtækri reynslu á evrópskum matvælamarkaði – meðal annars sem sölu- og markaðsstjóri Lactalis í Finnlandi. Við höfum mikla trú á því að þessi mikilvæga viðbót við takmarkaðan mannafla Ísey muni skapa öflugan stuðning við fyrirhugað skipulag á starfsemi okkar í Evrópu til framtíðar.

Nýja fyrirkomulagið gerir okkur kleift að semja við smásölukeðjur þvert á landamæri, virkja sérfræðibekkingu og fjármagn betur og efla vörumerkið Ísey með skýrum hætti, óháð landfræðilegum takmörkunum. Jafnframt teljum við að þetta skipulag tryggji íslenskum mjólkurframleiðendum sem mestan ábata af þeim útflutningskvótum sem í boði eru inn á Evrópumarkað.

Við vitum að samkeppnin eykst með hverju árinu, og við fögnum því. Skyr er nú þekkt og eftirsótt vara á fjölmörgum mörkuðum og við sjáum mikla möguleika í því. Ísey Skyr nýtur trausts, smásöluaðilar vilja vinna með okkur og neytendur hafa tekið vel í vöruna. Þessi meðbyr hefur vakið athygli og það verður spennandi að sjá hvernig við getum nýtt hann til áframhaldandi vaxtar, bæði í Evrópu og á fjarlægari mörkuðum í Asíu og Eyjaálfu.

Að lokum vil ég þakka samstarfsfólki mínu fyrir góðar mottökur og samstarfið á mínum fyrstu mánuðum í starfi, stjórn Ísey þakka ég sérstaklega og góðar þakkar fá íslenskir mjólkurframleiðendur fyrir ómetanlegan stuðning þeirra og starf.

Við hlökkum til að leiða Ísey inn í næsta vaxtaskeið og markmið okkar er að Ísey verði leiðandi alþjóðlegt vörumerki í hágæða mjólkurvörum, íslenskum kúabændum til hagsbóta.



Guðjón Auðunsson
framkvæmdastjóri

Stjórn Ísey útflutningur ehf.

Ágúst Guðjónsson, stjórnarformaður

Elín Margrét Stefánsdóttir

Jóhannes Hr. Símonarson

Sigurjón Rúnar Rafnsson


Endurskoðendur

Deloitte ehf.


Tölulegar upplýsingar




Ráðstöfun mjólkur hjá MS árið 2024 umreiknað í lítra m.v. fitu




Ráðstöfun mjólkur hjá MS árið 2024 umreiknað í lítra m.v. prótein



Ráðstöfun mjólkur hjá MS og KS árið 2024 umreiknað í lítra m.v. fitu



Ráðstöfun mjólkur hjá MS og KS árið 2024 umreiknað í lítra m.v. prótein



Mjólkurinnlegg hjá Auðhumla

Árið 2024	Árið 2023	Breyting 2024-2023	
		Lítrar	Hlutfall
11.192.842	10.929.482	263.360	2,41%
10.842.493	10.561.374	281.119	2,66%
11.696.177	11.939.816	-243.639	-2,04%
12.291.585	11.342.035	949.550	8,37%
12.634.178	12.755.572	-121.394	-0,95%
11.444.718	11.849.272	-404.554	-3,41%
12.218.834	11.438.824	780.010	6,82%
11.077.787	11.227.937	-150.150	-1,34%
10.266.611	10.439.737	-173.126	-1,66%
10.372.677	10.501.802	-129.125	-1,23%
10.154.617	10.197.235	-42.618	-0,42%
10.876.674	10.790.568	86.106	0,80%
135.069.193	133.973.654	1.095.539	0,82%

Heildarmjólkurinnlegg á landinu

Árið 2024	Árið 2023	Breyting 2024-2023	
		Lítrar	Hlutfall
12.642.316	12.241.710	400.606	3,27%
12.320.578	11.888.974	431.604	3,63%
13.257.361	13.440.966	-183.605	-1,37%
13.917.318	12.822.270	1.095.048	8,54%
14.321.212	14.343.690	-22.478	-0,16%
13.043.532	13.381.436	-337.904	-2,53%
13.926.189	12.978.270	947.919	7,30%
12.656.736	12.774.470	-117.734	-0,92%
11.682.227	11.858.525	-176.298	-1,49%
11.866.300	11.922.042	-55.742	-0,47%
11.562.278	11.542.215	20.063	0,17%
12.363.398	12.228.540	134.858	1,10%
153.559.445	151.423.108	2.136.337	1,41%

Tölulegar upplýsingar



Innvigtun mjólkur innan og utan greiðslumarks verðlagsárið 2024

Skýringar	Framleitt innan gr.marks	Framleitt umfram samning	Framleitt alls
Auðhumla svf.	133.108.325	1.960.868	135.069.193
Mjólkursamlag KS	18.272.501	217.751	18.490.252
Heimavinnsla	119.173	0	119.173
Samtals	151.500.000	2.178.619	153.678.618

Heimild: Atvinnuvegaráðuneytið og aðildarfélag SAM

Fjöldi innleggjenda í árslok í deildum 2024 og 2023

Nafn deildar	31/12 2024	31/12 2023	Mismunur
Austurlandsdeild	17	18	-1
A-Skaftafellsdeild	6	7	-1
V-Skaftafellsdeild	17	19	-2
Eyjafjalladeild	14	14	0
Landeyjadeild	23	23	0
Fljótshlíðar-, Hvols- og Rangárvalladeild	11	12	-1
Holta-, Landmanna-, Ása- og Djúpardeild	14	15	-1
Uppsveitadeild	56	58	-2
Flóa- og Ölfusdeild	32	32	0
Vesturlandsdeild	56	57	-1
Breiðafjarðardeild	19	21	-2
Vestur-Húnaþingsdeild	15	15	0
Austur-Húnaþingsdeild	21	22	-1
Norðausturdeild	114	115	-1
Alls Auðhumla	415	428	-13

Fitu- og prótein innihald mjólkur eftir deildum (meðaltal)

Heiti deildar:	Meðal- fita 2024	Meðal- fita 2023	Meðal prótein 2024	Meðal prótein 2023
Austurlandsdeild	4,21	4,19	3,42	3,39
A-Skaftafellsdeild	4,28	4,27	3,36	3,33
V-Skaftafellsdeild	4,22	4,22	3,34	3,34
Eyjafjalladeild	4,22	4,24	3,37	3,31
Landeyjadeild	4,16	4,17	3,31	3,28
Fljótshlíðar-, Hvols- og Rangárvalladeild	4,23	4,23	3,29	3,27
Holta-, Landmanna-, Ása- og Djúpardeild	4,22	4,28	3,39	3,36
Uppsveitadeild	4,24	4,25	3,36	3,32
Flóa- og Ölfusdeild	4,22	4,24	3,34	3,32
Vesturlandsdeild	4,23	4,26	3,34	3,32
Breiðafjarðardeild	4,22	4,22	3,36	3,34
Vestur-Húnaþingsdeild	4,24	4,25	3,34	3,31
Austur-Húnaþingsdeild	4,19	4,19	3,32	3,30
Norðausturdeild	4,23	4,22	3,41	3,37
Auðhumla	4,22	4,24	3,36	3,36



**Auðhumla svf.
Samstæðuársreikningur
2024**

Áritun óháðra endurskoðenda

Til stjórnar og félagsaðila Auðhumlu svf.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning Auðhumlu svf. fyrir árið 2024. Samstæðuársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, yfirlit um eigið fé, upplýsingar um mikilvægar reikningssskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samstæðunnar á árinu 2024, efnahag hennar 31. desember 2024 og breytingu á handbæru fé á árinu 2024, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Auðhumlu svf. í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur sem og aðrar siðareglur sem eru viðeigandi við endurskoðun á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Aðrar upplýsingar

Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar innifela ófjárhagslega upplýsingagjöf í viðauka með samstæðuársreikning sem við fengum fyrir áritunardag og ársskýrslu Auðhumlu svf. að undanskildum samstæðuársreikningnum og áritun okkar á hann, sem við gerum ráð fyrir að fá eftir áritundardag.

Álit okkar á samstæðuársreikningnum nær ekki yfir aðrar upplýsingar og við ályktum hvorki um, né veitum staðfestingu á efni þeirra.

Í tengslum við endurskoðun okkar berum við ábyrgð á að lesa framangreindar aðrar upplýsingar og skoða hvort þær séu í verulegu ósamræmi við samstæðuársreikninginn eða þekkingu okkar sem við höfum aflað við

endurskoðunina eða virðast að öðru leyti innifela verulegar skekkjur. Ef við komumst að þeirri niðurstöðu, byggð á þeirri vinnu sem við höfum framkvæmt, að það séu verulegar skekkjur í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Það er ekkert sem við þurfum að skýra frá hvað þetta varðar.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð samstæðuársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Auðhumlu svf. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að samstæðuársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanlega víska er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda samstæðuársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í samstæðuársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu samstæðuársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á

rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum samstæðuársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi samstæðunnar.

- Metum í heild sinni hvort samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.
- Öflum fullnægjandi endurskoðunargagna vegna fjárhagsupplýsinga eininga innan samstæðunnar, til að geta látið í ljós álit á samstæðuársreikningi. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, umsjón og framgangi endurskoðunar samstæðunnar. Við berum ein ábyrgð á álitum okkar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Kópavogi, 26. mars 2025

Deloitte ehf.

Benóní Torfi Eggertsson
endurskoðandi

Guðmundur Örn Árnason
endurskoðandi

Kjörnir skoðunarmenn

Við undirritaðir, kjörnir skoðunarmenn Auðhumla svf., höfum farið yfir ársreikning þennan.

Við teljum að hann sé í samræmi við ákvæði laga og samþykkt félagsins og leggjum til að hann verði samþykktur.

Haraldur Einarsson

Baldur Helgi Benjamínsson

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

Samstæðuársreikningur Auðhumlu svf. fyrir árið 2024 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Tilgangur félagsins skv. samþykktum er að taka á móti mjólk frá félagsmönnum, breyta henni í söluhæfa vöru, dreifa henni og selja fyrir sem best verð. Þá er félaginu heimilt að reka aðra starfsemi, sem gæti dregið úr rekstrarkostnaði félagsins og verið til hagræðis og styrktar fyrir félagið og félagsaðila.

Dótturfélög Auðhumlu eru þrettán talsins. Mjólkursamsalan ehf. sem er framleiðslufyrirtæki, sem vinnur úr hrámjólk drykkjarmjólk, osta, skyr og fleiri mjólkurvörur. MS eignarhald ehf. heldur utan um eignarhald á Icelandic Provisions Inc. Ísey útflutningur ehf. lætur framleiða skyr í Danmörku undir vörumerkinu Ísey skyr og selur til Finnlands, Frakklands og Hollands auk þess að selja einkaleyfi á framleiðsluvörum félagsins. Bitruháls ehf. starfrækir sjálfvirka bílaþvottastöð fyrir stærri bíla í eigu Mjólkursamsölunnar ehf. Í Mjólkurbúi Flóamanna ehf., Norðurmjólk ehf., Osta- og smjöröslunni ehf. og Ísey Skyr UK er engin starfsemi á árinu 2024. Ísey Skyr Bar ehf. sér um rekstur á skyr safninu Skyrlandi í Mjólkurbúinu Selfossi ásamt því að reka skyrbar í sama húsnæði, að auki sér félagið um að innheimta tekjur vegna einkaleyfis um Ísey skyr bari á Íslandi. Skyr Wales Ltd. framleiðir skyr fyrir Bretlandsmarkað í gegnum verksmiðju í Wales. Skyrheimar ehf. heldur utan um eignarhald á safninu Skyrlandi sem Ísey Skyr Bar ehf. rekur. Að auki á Ísey útflutningur ehf. dótturfélagin ISEY Import B.V. og ISEY Europe B.V. en engin starfsemi er í félagunum á árinu 2024.

Starfsemin á árinu og framtíðarhorfur

	2024	2023
Rekstrartekjur samstæðunnar námu	48.826.072	45.864.071
(Tap) hagnaður samstæðunnar nam	(44.288)	740.438
Fjöldi ársverka nam	465	463
	31.12.2024	31.12.2023
Eignir samstæðunnar námu	31.441.310	30.126.981
Bókfært eigið fé nam	15.705.015	15.624.013
Inneign í stofnsjóði nam	1.996.454	1.950.679
Eiginfjárlutfall samstæðunnar nam	50,0%	51,9%

Rekstrartekjur samstæðunnar hækkuðu um 2.962 milljónir króna milli ára eða um 6,5%. Þessi hækkan er tilkomin vegna verðhækkana og söluaukningar bæði á innanlandsmarkaði og erlendis. Afkoma samstæðunnar lækkar á milli ára en samstæðan er að skila 44,3 milljóna króna tapi á árinu 2024 en á árinu 2023 var hagnaður upp á 740,4 milljónir króna en á móti aukningu í tekjum hefur kostnaðarverð seldra vara, laun og launatengd gjöld ásamt öðrum rekstrarkostnaði hækkað töluvert á milli ára eða um 3.519 milljónir króna, afskriftir um 180 milljónir króna og fjármagnsgjöld um 227 milljónir króna. Stjórnendur samstæðunnar vinna að því að bæta rekstur hennar með því að hagræða og lækka kostnað hjá samstæðunnar og munu halda áfram á þeirri vegferð. Stjórnendur samstæðunnar reikna með að starfsemi félagsins muni ekki breytast verulega að umfangi á næstu árum.

Þróun á fjárhagslegri stöðu samstæðunnar

Lausafjárstaða samstæðunnar jókst á milli ára um 352 milljónir króna, fjármagnsgjöld hækkuðu um 227,5 milljónir króna á milli ára og tók samstæðan ný lán fyrir um 401 milljón króna. Mjólkursamsalan ehf. undirbýr miklar fjárfestingar en til stendur að endurnýja tæki til framleiðslu á undarennudufti á Selfossi ásamt því að byggja nýtt húsnæðið þar. Að auki er hafin undirbúningur að stækkan húsnæðis félagsins á Akureyri.

Meginmarkmið og stefna við áhættustýringu

Samstæðan stýrir fjármagni sínu þannig að það viðhaldi rekstrarhæfi sínu á sama tíma og það hámarkar arðsemi hagaðila með sem bestu jafnvægi á milli skulda og eigin fjár. Stjórnendur samstæðunnar fylgjast með og greina

fjárhagslegar áhættur í rekstri. Aðferðir vegna áhættustýringar eru yfirfarnar reglulega til að greina breytingar á markaði og starfsemi samstæðunnar. Nánari upplýsinga um fjármálagerninga og þá fjárhagslegu áhættu sem samstæðan býr við má finna í skýringu nr. 19.

Stofnsjóður og eigendur

Í lok árs er fjöldi félagsaðila 460 í stofnsjóði en þeir voru 483 í upphafi árs. Enginn stofnsjóðseigandi á yfir 10% af stofnsjóði. Tillag ársins frá félagsaðilum nemur 89,2 milljónum króna. Úr stofnsjóði voru greiddar 190 milljónir króna.

Tillaga til aðalfundar

Stjórn Auðhumlu svf. leggur til að reiknaðir verði 4,75% vextir á höfuðstól stofnsjóðs miðað við stöðu hans í árslok 2024 og að tap ársins verði fært til lækkunar á óráðstöfuðu eigin fé, en vísar að öðru leyti í ársreikninginn um breytingar á eigin fé félagsins.

Stjórn félagsins

Stjórn félagsins skal skipuð sjö aðalmönnum og skulu þeir kosnir á aðalfundi úr hópi félagsmanna til eins árs í senn. Í aðalstjórn skal hlutfall hvors kyns fyrir sig ekki vera lægra en 40%. Í stjórn Auðhumlu svf., sitja þrjár konur og fjórir karlmenn og uppfyllir því skilyrði um kynjahlutföll skv. 9. gr. samþykkt félagsins.

Góðir stjórnarhættir

Stjórn Auðhumlu svf. hefur sett sér starfsreglur þar sem valdsvið hennar er skilgreint og verksvið sett fram. Auðhumla svf. hefur sett fram upplýsingar um stjórnarhætti í samræmi við leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland og Samtökum atvinnulífsins. Félagið fylgir ekki að öllu leyti leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja þar sem þeim er ætlaðar einungum tengdum almannahagsmunum. Upplýsingar um stjórnarhætti er hægt að nálgast á heimasíðu félagsins.

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf

Í samræmi við lög um ársreikninga birtir félagið upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að leggja mat á þróun, umfang, stöðu og áhrif félagsins í tengslum við umhverfis-, félags- og starfsmannamál. Jafnframt er gerð grein fyrir stefnu félagsins í mannréttindarmálum ásamt öðru. Framangreindar upplýsingar eru settar fram í viðauka við samstæðuársreikning.

Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Að áliti stjórnar og framkvæmdastjóra Auðhumlu svf. koma fram í samstæðuársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu samstæðunnar í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Stjórn og framkvæmdastjóri Auðhumlu svf. staðfestir hér með samstæðuársreikning félagsins með undirritun sinni.

Reykjavík, 26. mars 2025

Í stjórn

Ágúst Guðjónsson
stjórnarformaður

Þórunn Andrésdóttir

Óttar Bragi Þráinsson

Ásvaldur Þormóðsson

Björgvin R. Gunnarsson

Elín M. Stefánsdóttir

Magðalena Jónsdóttir

Framkvæmdastjóri

Jóhannes Hr. Símonarson

Rekstrarreikningur ársins 2024

	Skýr.	2024	2023
Rekstrartekjur	4	48.826.072	45.864.071
Aðrar tekjur		1.444.613	1.478.214
Kostnaðarverð seldra vara		(35.997.055)	(33.607.241)
Laun og launatengd gjöld	5	(6.701.913)	(6.189.370)
Annar rekstrarkostnaður		(4.788.673)	(4.171.911)
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA)		2.783.043	3.373.762
Afskriftir fastafjármuna	6	(1.805.298)	(1.625.158)
Rekstrarhagnaður		977.745	1.748.604
Fjármunatekjur		59.110	50.590
Fjármagnsgjöld	7	(1.093.549)	(866.062)
Áhrif hlutdeildarféлага		21.820	(7.599)
(Tap), hagnaður fyrir skatta		(34.874)	925.533
Tekjuskattur	8	(9.414)	(185.095)
(Tap), hagnaður ársins		(44.288)	740.438
(Tap), hagnaður ársins sem tilheyrir:			
Hlutdeild minnihluta		(13.152)	100.439
Hlutdeild Auðhumla svf.		(31.136)	639.999

Efnahagsreikningur

31. desember 2024

Eignir	Skýr.	31.12.2024	31.12.2023
Fastafjármunir			
Viðskiptavild	9	364.062	415.191
Aðrar óefnislegar eignir	10	40.346	51.661
Varanlegir rekstrarfjármunir	11	19.815.283	18.781.506
Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum	13	421.368	351.627
Eignarhlutar í öðrum félögum	14	663.207	661.128
Skuldabréfaeign		7.668	2.809
		21.311.934	20.263.922
Veltufjármunir			
Vörubirgðir	15	5.283.603	5.129.517
Viðskiptakröfur		3.973.814	4.149.441
Næsta árs afborgun skuldabréfaeignar		4.928	11.108
Kröfur á tengda aðila	18	3.072	15.297
Aðrar skammtímakröfur		258.826	304.541
Handbært fé		605.134	253.155
		10.129.376	9.863.059
Eignir		31.441.310	30.126.981

Efnahagsreikningur

31. desember 2024

Eigið fé og skuldir	Skýr.	31.12.2024	31.12.2023
Eigið fé			
Stofnsjóður		1.996.454	1.950.679
Sérstakur endurmatsreikningur		4.683.877	4.381.787
Bundinn hlutdeildarreikningur		862.549	1.095.134
Lögbundinn varasjóður		383.318	383.318
Þýðingarmunur		3.469	3.264
Óráðstafað eigið fé		5.915.616	5.881.874
Eigið fé meirihlutaeigenda		13.845.283	13.696.056
Hlutdeild minnihluta í eigin fé samstæðu		1.859.732	1.927.957
Eigið fé		15.705.015	15.624.013
Langtímaskuldir og skuldbindingar			
Skuldir við lánastofnanir	16	4.682.609	4.282.448
Aðrar langtímaskuldir	16	391.667	544.599
Fjármögnunarleigusamningar		1.571.414	1.118.413
Tekjuskattsskuldbinding	17	1.783.514	1.769.268
		8.429.204	7.714.728
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir		3.825.117	3.525.829
Skuldir við lánastofnanir		1.760.584	1.187.650
Næsta árs afborganir langtímaskulda	16	451.413	919.917
Næsta árs afborganir fjármögnunarleigusamninga		315.063	145.813
Ógreiddir reiknaðir skattar	8	93.497	135.534
Skuldir við tengda aðila	18	28.976	30.214
Skuldir við erlenda birgja vegna fjárfestinga		0	82.816
Aðrar skammtímaskuldir		832.440	760.467
		7.307.091	6.788.239
Skuldir		15.736.295	14.502.968
Eigið fé og skuldir		31.441.310	30.126.981

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2024

	Skýr.	2024	2023
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarhagnaður		977.745	1.748.604
Afskriftir	6	1.805.298	1.625.158
Virðisrýrnun	9	4.891	0
Söluhagnaður fastafjármuna		(46.716)	(84.331)
Niðurfærsla skuldabréfaeignar, breyting		(8.000)	0
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta		2.733.218	3.289.431
Vörubirgðir (hækkun)		(154.086)	(826.891)
Aðrar rekstartengdar eignir, (hækkun)		232.845	(300.301)
Rekstartengdar skuldir hækkun, (lækkun)		270.757	(173.836)
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta		3.082.734	1.988.403
Innborgaðir vextir og arður		45.728	41.326
Greiddir vextir		(1.026.673)	(756.936)
Greiddur tekjuskattur		(74.425)	(22.213)
		2.027.364	1.250.578
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingahreyfingar			
Keyptir/seldir varanlegir rekstrarfjármunir	11	(1.780.173)	(2.707.655)
Afborganir skuldabréfa		11.225	16.599
Keyptir eignarhlutir í dótturfélögum		0	(40.568)
Keyptir eignarhlutir í hluteildarfélögum	13	(50.000)	0
		(1.818.948)	(2.731.624)
Fjármögnunarhreyfingar			
Greiddur arður		(200.000)	0
Afborganir langtímaskulda		(229.446)	(142.245)
Afborganir fjármögnunarleigusamninga		(199.041)	(143.871)
Nýjar langtímaskuldir		284.540	957.695
Hækkun á skammtímaskuldum við lánastofnanir		572.934	996.504
Inntökugjald		323	373
Tillag í stofnsjóð		89.165	87.426
Útborgun úr stofnsjóði		(189.931)	(202.785)
		128.543	1.553.096
Hækkun, (lækkun) handbærs fjár		336.960	72.050
Handbært fé í upphafi árs		253.155	182.778
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé		(1.623)	(1.764)
Handbært fé í lok árs		605.134	253.155

Yfirlit um eigið fé 2024

	Stofnsjóður	Annað bundið eigið fé	Óráðstafað eigið fé	Hlutdeild minnihluta	Samtals eigið fé
Eigið fé 1.1.2023	1.948.809	5.293.470	5.666.305	1.821.021	14.729.605
Hlutdeild minnihluta í Skyr Wales				5.821	5.821
Endurmat fastafjármuna		235.809			235.809
Afskrift endurmats		(93.394)	93.394		0
Tillag í stofnsjóð	87.426				87.426
Útborgun úr stofnsjóði	(202.785)				(202.785)
Inntökugjald	300		73		373
Vextir af stofnsjóði	116.929		(116.929)		0
Tekjuskattsáhrif stofnsjóðsv. o.fl.			23.386		23.386
Fært á bundið eigið fé		392.355	(392.355)		0
Þýðingarmunur		3.264		676	3.940
Hagnaður ársins			639.999	100.439	740.438
Tillag í lögbundinn varasjóð		32.000	(32.000)		0
Eigið fé 1.1.2024	1.950.679	5.863.504	5.881.874	1.927.957	15.624.013
Leiðrétt vegna afkomu dótturfélaga f.f. ári			(22.424)	(14.949)	(37.373)
Endurmat fastafjármuna		400.303			400.303
Afskrift endurmats		(98.212)	98.212		0
Tillag í stofnsjóð	89.165				89.165
Útborgun úr stofnsjóði	(189.931)				(189.931)
Inntökugjald	240		83		323
Vextir af stofnsjóði	146.301		(146.301)		0
Tekjuskattsáhrif stofnsjóðsv. o.fl.			30.723		30.723
Fært af bundnu eigið fé		(232.585)	232.585		0
Þýðingarmunur		205		(124)	80
Greiddur arður			(160.000)	(40.000)	(200.000)
Tekjuskattsáhrif af greiddum arði			32.000		32.000
Tap ársins			(31.136)	(13.152)	(44.288)
Eigið fé 31.12.2024	1.996.454	5.933.214	5.915.616	1.859.732	15.705.015

Annað bundið eigið fé greinist þannig:

	Hlutdeildar-reikningur	Þýðingarmunur	Lögbundinn varasjóður	Endurmats-reikningur	Samtals annað bundið eigið fé
Eigið fé 1.1.2023	702.780	0	351.318	4.239.372	5.293.470
Endurmat fastafjármuna				235.809	235.809
Afskrift endurmats				(93.394)	(93.394)
Fært á bundið eigið fé	392.355				392.355
Tillag í lögbundinn varasjóð		3.264			3.264
Eigið fé 1.1.2024	1.095.134	3.264	383.318	4.381.787	5.863.503
Endurmat fastafjármuna				400.303	400.303
Afskrift endurmats				(98.212)	(98.212)
Fært af bundnu eigið fé	(232.585)				(232.585)
Þýðingarmunur		205			205
Eigið fé 31.12.2024	862.549	3.469	383.318	4.683.877	5.933.213

Endurmatsreikningur er tilkominn vegna endurmats á fasteignum félagsins.

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Auðhumla svf. er samvinnufélag og starfar á grundvelli laga nr. 22/1991 um samvinnufélög.

Auðhumla svf. er með heimilisfesti á Íslandi og er lögheimili félagsins að Austurvegi 65. 800 Selfossi.

Ársreikningur þessi hefur að geyma ársreikning félagsins og dótturfélaga þess, sem vísað er til í heild sem samstæðunnar. Upplýsingar um dótturfélögin eru sett fram í skýringu 12.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Samstæðuársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Samstæðuársreikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð að því undanskildu að ákveðnar eignir og fjármálagerningar eru færðir á endurmetnu virði eða gangvirði, sjá nánar í skýringu 24 fyrir reikningsskilaaðferðir. Samstæðuársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins.

3. Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

4. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur samstæðunnar greinast þannig:

Sala innanlands

Sala erlendis

2024	2023
41.749.819	39.988.140
7.076.253	5.875.931
48.826.072	45.864.071

5. Laun og annar starfsmannakostnaður

Laun

Lífeyrissjóður

Önnur launatengd gjöld

Annar starfsmannakostnaður

2024	2023
5.407.348	5.000.295
688.936	638.445
470.497	435.336
135.131	115.295
6.701.913	6.189.370

Meðalfjöldi stöðugilda

2024	2023
465	463

6. Afskriftir

Afskriftir greinast þannig:

Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna án endurmats

Afskriftir af endurmati varanlegra rekstrarfjármuna

Afskriftir viðskiptavildar og óefnislegra eigna

2024	2023
1.625.328	1.455.175
122.765	116.742
57.205	53.242
1.805.298	1.625.159

Skýringar

7. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur greinast þannig:

Vaxtatekjur af bankareikningum
Vaxtatekjur og verðbætur af skuldabréfaeign
Arður af hlutabréfaeign
Gengishagnaður
Vaxtatekjur af viðskiptakröfum
Aðrar vaxtatekjur

Fjármagnsgjöld greinast þannig:

Vaxtagjöld af skammtímaskuldum við lánastofnanir
Vaxtagjöld og verðbætur af langtímaskuldum
Vaxtagjöld af fjármögnunarleigusamningum
Önnur vaxtagjöld

2024	2023
23.131	7.247
1.904	2.162
375	516
9.157	5.157
11.955	13.509
12.589	21.999
59.110	50.590
(205.334)	(115.472)
(650.282)	(585.680)
(198.888)	(129.034)
(39.045)	(35.877)
(1.093.549)	(866.062)
(1.034.439)	(815.472)

8. Tekjuskattur

Tekjuskattur er reiknaður og færður í samstæðuársreikninginn og nemur gjaldfærð fjárhæð í rekstrarreikningi 9,4 milljónir króna (2023: 185,1 milljón). Tekjuskattur til greiðslu á árinu 2025 nemur 93,5 milljónum króna (2024: 135,5 milljónir).

Virkur tekjuskattur greinist þannig:

	2024		2023	
	Fjárhæð	%	Fjárhæð	%
Hagnaður fyrir skatta	(34.874)		925.533	
Skatthlutfall	7.324	21,0%	(185.107)	20,0%
Breyting á tekjuskattshlutfalli	(6.339)	18,2%	0	0,0%
Fenginn arður	79	(0,2%)	103	0,0%
Skattinneign ekki færð	(4.796)	13,8%	10.433	1,1%
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélags	(5.055)	14,5%	(9.906)	(1,1%)
Aðrir liðir	(625)	1,8%	(618)	(0,1%)
Tekjuskattur samkvæmt rekstrarreikning	(9.414)	27,0%	(185.095)	(20,0%)

Skýringar

9. Viðskiptavild

Bókfært verð í ársbyrjun
Viðskiptavild frá ISEY Europe B.V.
Leiðrétting á viðskiptavild frá fyrra ári
Eignfært á árinu
Afskrifað á árinu
Virðisrýmun
Fært á þýðingarmun meðal eigin fjár
Bókfært verð í árslok

2024	2023
415.191	396.997
0	4.891
0	(17.463)
0	68.221
(45.890)	(41.931)
(4.891)	0
(347)	4.476
364.062	415.191

Viðskiptavildin er tilkomin vegna kaupa samstæðunnar á meirihluta í félögunum Skyr Wales Ltd., Ísey Skyr Bar ehf., ISEY Import B.V og ISEY Europe B.V. og verður hún afskrifuð línulega á 10 árum.

10. Aðrar óefnislegar eignir

Kostnaðarverð

Staða 1.1.2023
Staða 1.1.2024
Staða 31.12.2024

Afskriftir

Staða 1.1.2023
Afskrift ársins
Staða 1.1.2024
Afskrift ársins
Staða 31.12.2024

Bókfært verð

Staða 1.1.2024
Staða 31.12.2024
Afskriftarhlutföll

Prúnarkostnaður	Samtals
93.892	93.892
93.892	93.892
93.892	93.892
30.920	30.920
11.311	11.311
42.231	42.231
11.315	11.315
53.546	53.546
51.661	51.661
40.346	40.346
20%	

11. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

	Fasteignir og lóðir	Verksmiðju vélar og tæki	Bifreiðar og flutningatæki	Samtals
Kostnaðarverð				
Staða 1.1.2023	14.862.364	18.956.965	2.488.219	36.307.548
Nýtt dótturfélag Skyrheimar ehf.	0	88.106	0	88.106
Sérstakt endurmat	294.761	0	0	294.761
Eignfært á árinu	255.216	1.772.468	318.249	2.345.932
Selt og aflagt á árinu	(12.050)	(391.823)	(143.214)	(547.087)
Þýðingarmunur	0	5.293	0	5.293
Staða 1.1.2024	15.400.291	20.431.009	2.663.254	38.494.553
Sérstakt endurmat	500.378	0	0	500.378
Eignfært á árinu	125.033	1.812.604	369.164	2.306.801
Selt og aflagt á árinu	0	(676.463)	(261.687)	(938.150)
Þýðingarmunur	0	(171)	0	(171)
Staða 31.12.2024	16.025.702	21.566.979	2.770.731	40.363.411
Afskriftir				
Staða 1.1.2023	6.187.265	10.834.879	1.632.859	18.655.002
Nýtt dótturfélag Skyrheimar ehf.	0	8.811	0	8.811
Afskrift ársins	232.784	1.120.800	218.332	1.571.917
Selt og aflagt á árinu	(8.422)	(387.809)	(127.405)	(523.636)
Þýðingarmunur	0	954	0	954
Staða 1.1.2024	6.411.627	11.577.635	1.723.785	19.713.047
Afskrift ársins	243.174	1.264.099	240.819	1.748.092
Selt og aflagt á árinu	0	(676.463)	(235.711)	(912.174)
Þýðingarmunur	0	(838)	0	(838)
Staða 31.12.2024	6.654.801	12.164.433	1.728.893	20.548.128
Bókfært verð				
Staða 1.1.2023	8.675.099	8.122.087	855.360	17.652.546
Staða 1.1.2024	8.988.664	8.853.374	939.469	18.781.506
Staða 31.12.2024	9.370.901	9.402.545	1.041.837	19.815.283
Bókfært verð án endurmats				
Staða 1.1.2023	3.375.885	8.122.087	855.360	12.353.332
Staða 1.1.2024	3.511.430	8.853.374	939.469	13.304.272
Staða 31.12.2024	3.516.055	9.402.545	1.041.837	13.960.438

Afskriftarhlutföll 2-6% 5-20% 3-20%

Fasteignir félagsins eru endurmetnar árlega í samræmi við lög um ársreikninga og byggir hið endurmetna verð á opinberu fasteignamat í árslok 2024 að teknu tilliti til hversu sérhæfðar eignirnar eru sem stjórnendur telja að endurspegli raunvirði eignanna. Matsbreytingin er færð til hækkunar á eigninni, á sérstakan endurmatsreikning meðal eiginfjár og á tekjuskattskuldbindingu.

Fasteignamat og váttryggingamat eigna samstæðunnar í árslok:	Fasteignamat	Váttryggingamat
Fasteignir og lóðir	13.151.540	24.863.100
Vélar og tæki. eignatryggingar		32.521.676
Rekstrarstöðvunartrygging		15.310.520

12. Félög í samstæðu

Eignarhlutar í dótturfélögum:

Mjólkursamsalan ehf., Bitruhálsi 1. Reykjavík
Bitruháls ehf., Bitruhálsi 1. Reykjavík
Mjólkurbú Flóamanna ehf., Austurvegi 65. Selossi
Norðurmjólk ehf., Austurvegi 65. Selfossi
Osta- og smjörnsalan ehf., Austurvegi 65. Selossi
Ísey útflytningur ehf., Bitruhálsi 1. Reykjavík
MS eignarhald ehf., Bitruhálsi 1. Reykjavík
Ísey Skyr Bar ehf., Bitruhálsi 1. Reykjavík
Skyrheimar ehf., Bitruhálsi 1. Reykjavík
ISEY Skyr UK Ltd. United Kingdom
Skyr Wales Ltd., United Kingdom
ISEY Import B.V., Nederlands
ISEY Europe B.V., Nederlands

Eignarhlutur	Meginstarfsemi
80,00%	Framleiðslufyrirtæki
100,00%	Pvottastöð
100,00%	Fasteignafélag
100,00%	Engin starfsemi
100,00%	Engin starfsemi
80,00%	Heildverslun með mjólkurafurðir
80,00%	Eignarhaldsfélag
80,00%	Sölustarfsemi
80,00%	Eignarhaldsfélag
80,00%	Engin starfsemi
60,00%	Framleiðslufyrirtæki
80,00%	Engin starfsemi
80,00%	Engin starfsemi

13. Eignarhlutar í hlutdeildarfélagum

Eignarhlutar í hlutdeildarfélagum:

Íslenskar mysuafurðir ehf., Ártorgi 1. Sauðárkróki
--

Eignarhlutur	Nafnverð	Bókfært verð	Gangvirði
50,00%	335.250	421.368	421.368
		2024	2023
		351.627	353.652
		0	(245)
		50.000	0
		19.741	(1.781)
		421.367	351.627

Breyting eignarhluta í hlutdeildarfélagum greinist þannig:

Staða í ársbyrjun
Ísey Skyr Bar ehf. fær úr hlutdeildarfélagum í dótturfélög
Keypt á árinu
Hlutdeild í afkomu
Staða í árslok

14. Eignarhlutar í öðrum félögum

Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði sf.
Fóðurblandan ehf.
Ámundakinn ehf.
Greið leið ehf.
Vottunarstofan Tún ehf.
Matgæði ehf.
Selasetur Íslands ehf.
Norðurvegur ehf.
Icelandic Provisions Inc.
Sláturfélag Suðurlands svf. B deild
Stofnsjóður samvinnutrygginga

Eignarhlutur	Nafnverð	Bókfært verð
88,39%		37.774
15,70%	147.054	306.179
6,60%	11.500	18.119
0,03%	900	1.000
5,40%	500	500
0,04%	150	150
1,50%	50	0
2,66%	450	0
11,36%	*USD 8.138	297.360
1,04%	2.080	2.080
Óverulegt		46
		663.208

*Fjöldi hluta í Icelandic Provisions Inc. í þúsundum USD.

Skýringar

15. Vörubirgðir

	31.12.2024	31.12.2023
Fullunnar vörur	3.819.816	3.700.054
Hráefni	302.904	277.562
Umbúðir	693.057	733.875
Aðrar vörur	467.825	418.027
	5.283.603	5.129.517

Vörubirgðir í lok fjárhagsársins hafa verið metnar með tilliti til seljanleika og eru vörubirgðir færðar niður samkvæmt því mati. Niðurfærslan byggir á mati stjórnenda og samkvæmt því er ekki talin þörf á niðurfærslu vörubirgða í ár þar sem allar vörubirgðir mun seljast á innanlandsmarkaði (2023: 0 milljónir).

16. Langtímaskuldir

	Aðrar langtímaskuldir		Skuldir við lánastofnanir	
	31.12.2024	31.12.2023	31.12.2024	31.12.2023
Skuldir í erlendra mynt	472.547	566.888	843.511	904.960
Skuldir í íslenskum krónum. óverðtryggðar	0	0	3.977.420	4.027.197
Skuldir í íslenskum krónum. verðtryggðar	0	0	232.210	247.919
	472.547	566.888	5.053.142	5.180.076
Næsta árs afborganir langtímaskulda	(80.880)	(22.289)	(370.533)	(897.628)
Langtímaskuldir í árslok	391.667	544.599	4.682.609	4.282.448

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig:

	Aðrar langtímaskuldir		Skuldir við lánastofnanir	
	31.12.2024	31.12.2023	31.12.2024	31.12.2023
Næsta árs afborganir	80.880	22.289	370.533	897.628
Afborganir 2026/2025	83.923	24.009	1.075.923	284.107
Afborganir 2027/2026	89.898	25.863	654.652	662.624
Afborganir 2028/2027	92.947	27.859	279.398	259.076
Afborganir 2029/2028	87.503	30.009	282.338	261.480
Afborganir 2030/2029	37.396	16.517	285.502	264.073
Afborganir síðar	0	420.342	2.104.796	2.551.089
	472.547	566.888	5.053.142	5.180.076

Vegnar meðalvextir eru eftirfarandi:

	31.12.2024	31.12.2023
Skuldir við lánastofnanir	10,75%	11,50%
Aðrar langtímaskuldir	6,85%	7,53%

Skýringar

17. Tekjuskattsskuldbinding

	Inneign / (skuldbinding)	
	2024	2023
Staða í ársbyrjun	(1.769.268)	(1.685.406)
Leiðrétting á tekjuskattsskuldbindingu frá fyrra ári	(11.417)	1.103
Breyting vegna hækkunar á tekjuskattshlutfalli í 21% fyrir tekjuárið 2024	(5.747)	0
Áhrif endurmats fastafjármuna	(100.076)	(58.952)
Áhrif samsköttunar	(17.692)	0
Tekjuskattsáhrif stofnsjóðsvaxta og inntökugjalds	30.723	23.386
Reiknaður tekjuskattur vegna ársins	(3.535)	(184.387)
Tekjuskattur til greiðslu á komandi ári	93.497	134.988
Staða í árslok	(1.783.514)	(1.769.268)

Tekjuskattseign/(-skuldbinding) greinast þannig á einstaka liði efnahagsreiknings:

	31.12.2024	31.12.2023
Varanlegir rekstrarfjármunir	(1.932.513)	(1.817.994)
Óefnislegar eignir	(343)	(358)
Verðbréfaeign	0	1.600
Veltufjáreignir	(23.587)	(96.299)
Skammtímaskuldir	105.692	83.312
Frestaður gengismunur	(573)	2.727
Áhrif af yfirfærانlegu skattalegu tapi	67.810	57.744
	(1.783.514)	(1.769.268)

Yfirfærانlegt skattalegt tap nýttist til frádráttar skattalegum hagnaði í síðasta lagi sem hér segir:

	31.12.2024	31.12.2023
Frá hagnaði áráanna 2025 til 2027	25.034	25.034
Frá hagnaði áráanna 2025 til 2028	21.988	21.988
Frá hagnaði áráanna 2025 til 2029	41.714	41.714
Frá hagnaði áráanna 2025 til 2030	26.186	26.186
Frá hagnaði áráanna 2025 til 2031	38.892	38.892
Frá hagnaði áráanna 2025 til 2032	46.444	46.444
Frá hagnaði áráanna 2025 til 2033	0	88.461
Frá hagnaði áráanna 2025 til 2034	138.791	0
	339.049	288.719

Þann 1. janúar 2024 hækkaði álagningarprósenta tekjuskatts allra lögaðila um eitt prósentustig, úr 20% í 21%. Hækkunin er tímabundin fyrir tekjuárið 2024 og mun koma fram í álagningu samstæðunnar árið 2025.

Skýringar

18. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru þeir aðilar sem hafa umtalsverð áhrif á samstæðunna, beint eða óbeint. Á meðal tengdra aðila samstæðunnar eru eigendur og fjölskyldur þeirra, stórir fjárfestar, lykilstarfsmenn og fjölskyldur sem og aðilar sem er stjórnað af eða eru verulega háðir samstæðunni, s.s. hlutdeildarfélag og samrekstrarfélag. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila.

Upplýsingar varðandi tengda aðila eru eftirfarandi:

Laun og hlunnindi stjórnarmanna og stjórnenda:

	2024	2023
Stjórnarmenn	60.910	51.991
Stjórnendur	227.374	194.207
	288.284	246.198

Viðskipti við tengd félag árið 2024:

	Keypt þjónusta og vörur	Seld þjónusta og vörur	Kröfur	Skuldir
Samtök afurðarst. í mjólkuriðn., félagasamtök				28.976
Samtök fyrirtækja í landbúnaði, félagasamtök			2.768	
Íslenskar mysuafurðir ehf., hlutdeildarfélag	270			
Icelandic Provisions Inc., hlutdeildarfélag			304	
	270	0	3.072	28.976

Viðskipti við tengd félag árið 2022:

	Keypt þjónusta og vörur	Seld þjónusta og vörur	Kröfur	Skuldir
Samtök afurðarst. í mjólkuriðn., félagasamtök				28.352
Samtök fyrirtækja í landbúnaði, félagasamtök				1.861
Íslenskar mysuafurðir ehf., hlutdeildarfélag	690		15.000	
Icelandic Provisions Inc., hlutdeildarfélag			297	
	690	0	15.297	30.213

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og ef um ótengda aðila væri að ræða.

Skýringar

19. Fjárhagsleg áhættustýring

Samstæðan stýrir fjármagni sínu þannig að það viðhaldi rekstrarhæfi sínu á sama tíma og það hámarkar arðsemi hagaðila með sem bestu jafnvægi á milli skulda og eigin fjár. Samstæðunni ber ekki að fylgja ytri reglum um lágmarks eiginfjárstöðu.

Stjórnendur samstæðunnar fylgjast með og greina fjárhagslega áhættu í rekstri. Aðferðir vegna áhættustýringar eru yfirfarnar reglulega til að greina breytingar á markaði og starfsemi samstæðunnar. Eftirfarandi áhætta hefur verið greind vegna fjármálagerna.

Markaðsáhætta

Helstu áhættuþættir samstæðunnar eru breytingar á gengi gjaldmiðla, vaxtabreytingar og verðbólga. Markmið með stýringu markaðsáhættu er að stýra og takmarka áhættu við skilgreind mörk, jafnframt því sem ábati er hámarkaður.

Gjaldmiðlaáhætta

Hluti af fjáreignum og fjárskuldum samstæðunnar er í erlendum gjaldmiðli, og ber samstæðan áhættu vegna breytinga á gengi viðkomandi gjaldmiðla gagnvart íslensku krónunni. Samstæðan reynir að lágmarka gjaldmiðlaáhættu í gegnum eftirlit með gengisþróun og með viðeigandi samsetningu fjáreigna og fjárskulda í helstu viðskiptamiðlum.

Hér að neðan eru tilgreindir þeir gjaldmiðlar sem mest áhrif hafa á rekstur samstæðunnar. Gengi þeirra og staða miðast við lokagengi tímabilsins.

	2024	2023	Breyting
USD	138,2	136,2	1,5%
GBP	173,3	173,18	0,1%
DKK	19,3	20,19	(4,4%)
NOK	12,214	13,39	(8,8%)
SEK	12,567	13,56	(7,3%)
CHF	152,7	162,53	(6,0%)
EUR	143,9	150,5	(4,4%)

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum:

	Eignir	Skuldir	Hrein staða
Staðan 31. desember 2024	1.168.881	2.028.088	(859.208)
Staðan 31. desember 2023	964.527	2.104.592	(1.140.065)

Í töflunni hér að neðan er sýnt hver áhrif af 5% og 10% hækkun á gengi íslensku krónunnar gagnvart viðkomandi myntum hefði á afkomu og eigið fé miðað við stöðu eigna og skulda í viðkomandi mynt á reikningsskiladegi. Í töflu hér að framan má sjá stöðu eigna og skulda í erlendum myntum sem næmnigreiningin tekur til. Næmnigreiningin miðast við að allar aðrar breytur en þær, sem eru hér til skoðunar, séu fastar. Næmnigreiningin tekur til þeirra gjaldmiðla sem innifela mesta gengisáhættu. Greiningin tekur ekki tillit til skattaáhrifa og var unnin með sama hætti fyrir samanburðartímabilið. Áhrif á afkomu og eigið fé eru þau sömu þar sem matsbreyting undirliggjandi fjármálagerna í erlendri mynt er ekki í neinum tilvikum færð beint á eigið fé. Jákvæð fjárhæð merkir hækkun á hagnaði og eigin fé. Lækkun á gengi íslensku krónunnar gagnvart neðangreindum gjaldmiðlum hefði haft sömu áhrif en í gagnstæða átt.

	31.12.2024		31.12.2023	
	5%	10%	5%	10%
Áhrif á afkomu og eigið fé:	(42.960)	(85.921)	(57.003)	(114.006)

Vaxtaáhætta

Vaxtaáhætta er áhættan af því að gangvirði eða framtíðarsjóðstreymi fjármálagerna muni sveiflast vegna breytinga á markaðsvöxtum. Vaxtaáhætta myndast þar sem langtímaskuldir samstæðunnar bera fasta og breytilega vexti. Áhættunni eru stjórnað með eftirliti með vaxtaþróun og viðeigandi blöndu af lánnum með föstum og breytilegum vöxtum.

Skýringar

Vaxtakjör á lántökum samstæðunnar koma fram í skýringu 16 fyrir langtímaskuldir. Af vaxtaberandi skuldum bera 9.201 milljón breytilega vexti (31. desember 2023: 8.199 milljónir) en engar skuldir bera fasta vexti (31. desember 2023: 0 milljónir).

Í töflunni hér að neðan er sýnt hver áhrif af 50 og 100 punkta hækkun vaxta hefði á afkomu og eigið fé á reikningsskiladegi. Næmnigreiningin tekur til þeirra vaxtaberandi eigna og skulda sem bera breytilega vexti og miðast hún við að allar aðrar breytur en þær sem eru hér til skoðunar séu fastar. Næmnigreiningin endurspeglar þau áhrif sem koma fram í rekstrarreikningi og eigin fé án skattaáhrifa.

	31.12.2024		31.12.2023	
	50 pkt	100 pkt	50 pkt	100 pkt
Áhrif á afkomu og eigið fé	46.006	92.012	40.994	81.988

Verðbólguáætta

Vaxtaberandi skuldir að fjárhæð 232 milljónir króna eru verðtryggðar miðað við vísitölu neysluverðs (31. desember 2023: 248 milljónir) og hefur þróun neysluvísitölu því áhrif á bókfærða stöðu lánanna og sjóðstreymi tengt þeim. Hækkun verðbólgu um 1% yfir árið hefði lækkað afkomu samstæðunnar um 2,3 milljónir króna fyrir tekjuskatt (2023: 2,5 milljónir). Næmnigreiningin miðast við að allar aðrar breytur en þær, sem eru hér til skoðunar, séu fastar.

Útlánaáætta

Í útlánaáættu felst áhættan á því að mótaðilar samstæðunnar geti ekki staðið við skuldbindingar sínar, sem leiðir til þess að samstæðan tapar á fjármála-gerningum sínum. Stjórnendur fylgjast reglulega með þróun þeirra eigna sem tengjast útlánaáættu og settar hafa verið útlánareglur hvað varðar samþykki og gjaldfresti nýrra viðskiptavina ásamt bankaábyrgðum til að lágmarka lánsáættu. Þær útlánareglur eru yfirfarnar reglulegar til að endurspeglar breytar aðstæður mótaðila. Ekki er tekið tillit til undirliggjandi trygginga við mat á hámarksútlánaáættu.

Hámarksútlánaáætta er sú bókfærða staða sem er sundurliðuð hér að neðan:

	31.12.2024	31.12.2023
Skuldabréfaeign og aðrar langtímakröfur	12.596	13.918
Kröfur á tengd félög	3.072	15.297
Viðskiptakröfur	3.973.814	4.149.441
Aðrar skammtímakröfur (án fyrirframgreiðslna)	77.051	83.692
Handbært fé	603.401	251.423
	4.669.933	4.513.770

Lausafjáraáætta

Lausafjáraáætta er sú áætta sem felst í því tapi sem samstæðan gæti orðið fyrir vegna þess að hún getur ekki staðið við skuldbindingar sínar innan tilskilinna gjaldfresta. Stjórnendur fylgjast með lausafjástöðu með greiningu á gjalddaga fjáreigna og skulda til að tryggja að samstæðan geti endurgreitt allar skuldir á gjalddaga. Reglulega er fylgst með stöðu lausafjár, þróun sem orðið hefur og hvaða áhrif staða markaða og framtíðarhorfur geta haft á samstæðuna.

Skuldir 31. desember 2024:

	Innan árs	2026	2027	2028 eða síðar	Samtals
Óvaxtaberandi	4.642.166	0	0	0	4.642.166
Með breytilegum vöxtum	3.341.919	2.097.469	1.503.259	5.867.776	12.810.424
	7.984.085	2.097.469	1.503.259	5.867.776	17.452.589

Skuldir 31. desember 2023:

	Innan árs	2025	2026	2027 eða síðar	Samtals
Óvaxtaberandi	4.351.725	0	0	0	4.351.725
Með breytilegum vöxtum	3.043.348	1.181.946	1.432.901	6.927.207	12.585.401
	7.395.073	1.181.946	1.432.901	6.927.207	16.937.126

20. Hreyfingar án greiðsluáhrifa í sjóðsstreymi samstæðunnar

Á árinu fjárfesti samstæðan í bifreiðum og tækjum með lántöku að fjárhæð 821,3 milljónum króna og af þeirri fjárhæð eru 536,8 milljónir króna sem hafa ekki áhrif á handbært fé og er því ekki sýnd í sjóðsstreymi samstæðunnar. Á móti kemur að skuld vegna fjárfestinga sem var til staðar í árslok 2023 upp á 82,8 milljónir króna hefur verið greidd og kemur sú greiðsla til hækkunar á keyptum varanlegum rekstrarfjármunu í sjóðsstreymi samstæðunnar.

21. Leigusamningar

Mjólkursamsalan hefur gert leigusamning við Ámundarkinn ehf. um leigu á Hnjúkabyggð 34 á Blönduósi til ársloka 2029 sem hægt er að framlengja tvö ár í senn. Leigusamningurinn er bundinn byggingarvísitölu og er tveggja ára gagnkvæmur uppsagnafrestur. Greidd leiga á árinu 2024 var 26,1 milljón krónur (2023: 25 milljónir). Áætlaðar leigugreiðslur fyrir árið 2025, uppreiknaðar miðað við byggingarvísitölu í desember 2024, eru 26,5 milljónir króna.

Mjólkursamsalan hefur einnig gert tvo húsaleigusamninga við Árfoss ehf. um leigu á Austurvegi 69 á Selfossi. Annar samningur gildir til 31. maí 2026 sem hægt er að framlengja í eitt ár í senn en hinn er ótímabundinn. Báðir húsaleigusamningarnir eru bundnir byggingarvísitölu og hafa eins árs gagnkvæman uppsagnafrest. Greidd leiga á árinu 2024 var 32,3 milljónir króna (2023: 30,8 milljónir). Áætlaðar leigugreiðslur fyrir árið 2025, uppreiknaðar miðað við byggingarvísitölu í desember 2024, eru 32,8 milljónir króna.

Að auki er Mjólkursamsalan með húsaleigusamning við Svagrund ehf. um leigu á neðri hæð Njarðarnes 10 á Akureyri til ársloka 2026 sem hægt er að framlengja. Leigusamningurinn er bundinn vísitölu neysliverðs. Greidd leiga á árinu 2024 var 9,5 milljónir króna (2023: 9 milljónir). Áætlaðar leigugreiðslur fyrir árið 2025, uppreiknaðar miðað við vísitölu neysliverðs í desember 2024, eru 9,7 milljónir króna.

Mjólkursamsalan er einnig með húsaleigusamning við Jökulberg ehf. um leigu á Lynghálsi 2 í Reykjavík til 31. mars 2027. Leigusamningurinn er bundinn vísitölu neysliverðs og er uppsegjanlegur af beggja hálfu með 6 mánaða fyrirvara. Greidd leiga á árinu 2024 var 26,8 milljónir króna (2023: 25,2 milljónir). Áætlaðar leigugreiðslur fyrir árið 2025, uppreiknaðar miðað við vísitölu neysliverðs í desember 2024, eru 27,3 milljónir króna.

Að lokum er Mjólkursamsalan með húsaleigusamning við Tunguháls 6 ehf. um leigu á Tunguhálsi 6 í Reykjavík til 31. október 2027. Leigusamningurinn er bundinn vísitölu neysliverðs og er uppsegjanlegur af beggja hálfu með 6 mánaða fyrirvara eftir 1. nóvember 2025. Greidd leiga á árinu 2024 var 13,2 milljónir króna (2023: 1,6 milljónir). Áætlaðar leigugreiðslur fyrir árið 2025, uppreiknaðar miðað við vísitölu neysliverðs í desember 2024, eru 13,4 milljónir króna.

Leigusamningarnir hér að ofan eru allir færðir meðal annars rekstrarkostnaðar í rekstrarreikning samstæðunnar.

Taflan hér að neðan sýnir samningsbundnar lágmarksleigugreiðslur þar sem félagið er leigutaki. Upphæðir eru ekki núvirtar.

	31.12.2024	31.12.2023
Innan árs	109.771	86.717
Á ári 2	90.627	86.717
Á ári 3	44.480	86.717
Á ári 4	26.458	69.314
Á ári 5	26.458	30.162
	<u>297.794</u>	<u>359.627</u>

Samanlagðar fjárhæðir eftir lengri tíma en fimm ár eru ekki settar fram í töflunni hér að ofan en allar forsendur til að reikna út leigugreiðslur fyrir það tímabil eru settar fram hér að ofan.

22. Ábyrgðir, veðsetningar og önnur mál

Veðsetningar og skuldbindingar utan efnahagsreiknings greinast þannig á eignarflokka:

	Bókfært verð veðsettra eigna	Fjárhæð skulda
Lán með veði í fasteignum	2.501.396	987.766
Lán með veði í birgðum og viðskiptakröfum	8.529.807	1.760.584
Lán með veði í öllum eignum félagsins	10.490.904	2.951.833
Lán með veði í eignarhlut Icelandic Provisions Inc.	297.360	337.698

Auðhumla svf. er í ábyrgð fyrir 80% af lánveitingu Arion banka til Skyr Wales Ltd. og um áramótin stendur lánsfjárhæðin í 505,5 milljónum króna og af því er fjárhæð ábyrgðar Auðhumlu svf. 404 milljónir króna.

Mjólkursamsalan ehf. er í sjálfskuldarábyrgð fyrir lánveitingu Íslandsbanka til Íslenskra mysuafurða ehf. og um áramótin stendur lánsfjárhæðin í 421,4 milljónum króna.

23. Þóknun til endurskoðenda

	2024	2023
Endurskoðun ársreiknings	13.195	19.602
Önnur þjónusta	20.620	13.648
	<u>33.816</u>	<u>33.250</u>

24. Reikningsskilaaðferðir

Samstæða

Ársreikningur samstæðunnar tekur til ársreikninga móðurfélagsins og dótturfélaga þess. Dótturfélög eru þau félög þar sem samstæðan fer með yfirráð. Yfirráð eru til staðar þegar samstæðan hefur ákvörðunarvald yfir fjárfestingunni, ber áhættu eða hefur réttinn til að njóta breytilegs ávinnings vegna þátttöku í fjárfestingunni og getur með ákvörðunarvaldi haft áhrif á ávinning sinn af fjárfestingunni. Félagið endurmetur á reikningsskiladegi hvort yfirráð yfir fjárfestingu séu til staðar með tilliti til ofangreindra þátta.

Rekstramiðurstaða keypra eða seldra dótturfélaga á árinu er meðtalin í rekstrarreikningi og yfirliti um aðra heildarafkomu frá og með kaupdegi eða fram að söludegi eftir því sem við á. Leiðréttingar á reikningsskilum dótturfélaganna eru gerðar þegar nauðsynlegt þykir og reikningsskilaaðferðir þeirra aðlagðar að þeim sem samstæðan notar.

Markmið með gerð samstæðureikningsskila er að birta einungis tekjur, gjöld, eignir og skuldir samstæðunnar út á við og er því viðskiptum innan hennar eytt við gerð reikningsskilanna.

Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningsskiladags. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

Skráning tekna

Tekjur af vörusölu og þjónustu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið. Vörusala er skráð þegar yfirráð yfir seldri vöru flytjast yfir til kaupanda, sem er almennt við afhendingu vöru. Þjónustutekjur eru eftir atvikum færðar á þeim tímabili þegar þjónustan hefur verið innt af hendi, eða samhliða því sem þjónustan er veitt. Sala er sýnd í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afsláttá. Tekjur, sem innheimtar hafa verið á reikningsárinu en varða síðari reikningsár, eru færðar til skuldar í efnahagsreikningi sem fyrirframinnheimtar tekjur. Tekjur, sem varða reikningsárið en innheimtast eftir lok þess, eru færðar til eignar í efnahagsreikningi.

Skráning gjalda

Gjöld, sem stofnað er til við öflun tekna á tímabilinu, eru færð sem rekstrarkostnaður. Gjöld, sem stofnað er til á reikningsárinu en varða síðari reikningsár, eru færð til eignar í efnahagsreikningi sem fyrirframgreiddur kostnaður. Gjöld, sem varða reikningsárið en koma til greiðslu síðar, eru færð til skuldar sem áfallinn kostnaður í efnahagsreikningi.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu.

Fjármagnsgjöld eru færð í rekstrarreikning á því tímabili sem þau falla til. Lántökukostnaður er eignfærður og afskrifaður línulega yfir líftíma lánsins.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í krónur á gengi viðskiptadags. Gengismunur, sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna, er færður í rekstrarreikning. Peningalegar eignir og skuldir í erlendiri mynt eru umreiknaðar miðað við gengi myntar í árslok og er áfallinn gengismunur færður í rekstrarreikning á meðal fjármagnsliða.

Skattamál

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn. Útreikningur hans byggir á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegs mismunar á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt ársreikningi. Tekjuskattshlutfall er 21%.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Frestaður skattur stafar af mismun efnahagsliða í skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunurinn stafar af því að tekjuskattsstofn samstæðunnar er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þess.

Tekjuskattseign er metin á reikningsskiladegi og er einungis færð að því marki sem líklegt er að hún nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast samstæðunni og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru annað hvort færðir samkvæmt kostnaðarverðsaðferð eða endurmatsaðferð. Samkvæmt kostnaðarverðsaðferðinni eru varanlegir rekstrarfjármunir færðir á upphaflegu kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eignunum í tekjuhæft ástand. Samkvæmt endurmatsaðferðinni er notast við gangvirði á þeim degi sem varanlegir rekstrarfjármunir eru endurmetnir að frádregnum afskriftum og virðisrýrnun.

Verðmatshækkunarir vegna endurmats eru færðar á endurmatsreikning meðal eigin fjár að frádregnum tekjuskattsáhrifum. Við sölu, afskriftir eða niðurlagningu eignar er sá hluti endurmatsreikningsins, sem tilheyrir þeirri eign, færður á óráðstafað eigið fé.

Varanlegir rekstrarfjármunir eru afskrifaðir línulega á áætluðum nýtingartíma þeirra, að teknu tilliti til vænts hrakvirðis. Eignir, þar sem eignarréttur er bundinn öðrum samkvæmt samningi um fjármögnunarleigu, eru afskrifaðar á áætluðum nýtingartíma á sama grunni og eignir með fullum eignarrétti. Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söliverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi, og er færður í rekstrarreikning við sölu.

Viðskiptavild

Viðskiptavild myndast við sameiningar félaga eða kaup á rekstri og er mismunur á kaupverði og gangvirði hreinna eigna. Viðskiptavild er afskrifuð línulega á 10 árum.

Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru einungis eignfærðar þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast samstæðunni og hægt er að meta kostnaðarverð eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Meðal óefnislegra eigna eru eignir vegna viðskiptasamninga, einkaleyfa, hugbúnaðar og þróunarkostnaðar. Eignir

Þessar eru afskrifaðar með kerfisbundnum hætti á áætluðum nýtingartíma viðkomandi eigna og eru reiknaðar afskriftir hvers tímabils færðar í rekstrarreikning. Val á afskriftaraðferð skal miðast við notkun á viðkomandi eign á nýtingartíma hennar. Ef þessar eignir hafa ekki ákveðinn nýtingartíma er þó heimilt að meta þær árlega í samræmi við settar reikningasskilareglur og skulu þær sæta árlegu virðisrýmunarprófi eða oftar ef vísbendingar um virðisrýmun hafa komið fram. Þróunarkostnaður er afskrifaður á 10 árum ef ekki er hægt að skilgreina nýtingartíma hans.

Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum

Til hlutdeildarfélaga teljast félög þar sem fjárfestir hefur veruleg áhrif á rekstrar- og fjármálastefnu. Félag er álitð hafa veruleg áhrif í öðru félagi ef það á 20% eða meira af atkvæðisrétti félagsaðila í því fyrirtæki, án þess að teljast hafa yfirráð. Samkvæmt hlutdeildaraðferð eru eignarhlutar í hlutdeildarfélögum færðir á kostnaðarverði að teknu tilliti til hlutdeildar í rekstri og annarra breytinga á eigin fé, og virðisrýmunar einstakra fjárfestinga. Tap hlutdeildarfélaga umfram hlutdeild er aðeins gjaldfært hafi samstæðufélag gengist í ábyrgð eða stofnað til skuldbindinga fyrir þeirra hönd.

Verðbréf

Skuldabréf og aðrar langtímakröfur, sem áætlað er að eiga fram á gjalddaga, eru metnar á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

Birgðir

Birgðir eru metnar á kostnaðarverði/framleiðsluverði eða dagverði, hvort sem lægra reynist. Kostnaðarverð birgða samanstendur af kostnaði við öflun þeirra ásamt öðrum kostnaði sem fellur til við að koma birgðunum í söluhæft ástand. Framleiðslukostnaður samanstendur af hráefniskostnaði, launakostnaði og óbeinum kostnaði vegna framleiðslunnar. Dagverð er áætlað söliverð í venjulegum viðskiptum að frádregnum kostnaði við að ljúka við framleiðslu vara og áætluðum sölukostnaði.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

Handbært fé

Handbært fé samstæðunnar samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Leigusamningar

Leigusamningar eru flokkaðir sem fjármögnunarleigusamningar þegar samningsskilmálar gera ráð fyrir að verulegur hluti áhættu og ávinnings af eigninni flyst til leigutaka. Eignir í fjármögnunarleigu eru færðar á meðal rekstrarfjármuna og afskrifaðar á líftíma þeirra og skuldbinding við leigusala er þá færð til skuldar í efnahagsreikningi. Aðrir leigusamningar eru flokkaðir sem rekstrarleigusamningar og leigugreiðslur gjaldfærðar á því tímabili sem þær tilheyra.

Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að frádregnum afborgunum af höfuðstól og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok tímabilsins eftir því sem við á.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að samstæðan verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

Skuldbindingar vegna vöruábyrgða eru færðar á söluvergi viðkomandi vara og metnar af stjórnendum m.t.t. áætlaðs fjárústreymis sem ábyrgðirnar kunna að valda í framtíðinni.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til áfallins kostnaðar.

Viðauki: Ófjárhagsleg upplýsingagjöf

Um Auðhumlu

Auðhumla svf. er samvinnufélag í eigu um 460 mjólkurframleiðenda um land allt. Félagið er rekið á samvinnugrundvelli með takmarkaðri ábyrgð samkvæmt lögum um samvinnufélög nr. 22/1991. Félagssvæði Auðhumlu nær yfir allt Ísland að undanskildum Skagafirði. Tilgangur félagsins samkvæmt samþykktum er að taka við mjólk frá félagsmönnum og umbreyta í mjólkurafurðir sem seldar eru á markaði á Íslandi og erlendis. Þá er félaginu heimilt að reka hverja þá starfsemi, sem gæti dregið úr rekstrarkostnaði félagsins og verið til hagræðis og styrktar fyrir félagið og félagsmenn þess. Félaginu er meðal annars heimilt að stofna dótturfélög um starfsemi sína. Jafnframt er félaginu heimilt að fela utanaðkomandi aðila hluta af verkefnum sínum. Tilgangi sínum hyggst félagið ná meðal annars með því að:

- Reka afurðastöðvar (mjólkurbú)
- Stunda öflugt og skilvirkt sölu- og markaðsstarf með framleiðsluvörum félagsins og aðrar vörur eftir því sem henta þykir
- Vera aðili að Mjólkursamsölunni ehf.
- Vera aðili að Samtökum afurðastöðva í mjólkuriðnaði sf.
- Leiðbeina félagsmönnum um meðferð mjólkur
- Annast flutninga í eigin þarfir, fyrir félagsmenn og aðra
- Annast rekstur og umsýslu fasteigna
- Nýta þekkingu og aðstöðu félagsins til að skapa því aukinn arð af starfsemi innanlands sem utan

Félagið er með höfuðstöðvar að Austurvegi 65, Selfossi.

Auðhumla er móðurfélag Mjólkursamsölnunar ehf. („MS“) með 80% eignarhlut, sem er rekstrarfélag mjólkuriðnaðarins á Íslandi. MS er leiðandi fyrirtæki í matvælaíðnaði á Íslandi. Hlutverk félagsins er að taka við mjólk frá eigendum sínum og umbreyta í hollar og góðar mjólkurafurðir í takt við þarfir neytenda. Upplýsingarnar hér að neðan eru settar fram bæði gagnvart Auðhumlu svf. og Mjólkursamsölnunni ehf. undir „félagið“.

Umhverfismál

Félagið einsetur sér í allri starfsemi sinni, allt frá söfnun mjólkur frá framleiðendum til framleiðslu og dreifingar fullunninnar vöru til viðskiptavina, að starfa í sátt við umhverfi sitt og náttúru landsins hverju sinni. Með umhverfisstefnu sinni leitast félagið við að endurspeglu umhverfisvæn sjónarmið í öllum skrefum virðis_keðjunnar og leggja þar með ríka áherslu á bestu umgengni okkar til verndar umhverfinu og náttúru landsins. Til að ná sem bestum árangri í umgengni við umhverfi og lífríki, leggur félagið megináherslu á eftirtalda þætti sem tengjast umhverfisvernd með beinum hætti:

Loflagsmál

Félagið leitast við að spara orku í starfsemi sinni, en um leið að nota eins umhverfisvæna orku og kostur er sem framleidd er með sjálfbærum hætti.

Vatnsverndar- og frárennismál

Rekstur afurðastöðva í mjólkurvinnslu krefst mikillar vatnsnotkunar. Því er brýnt að hafa nægan aðgang að góðu og heilnæmu neysluvatni sem stenst allar kröfur sem til þess eru gerðar. Til að svo megi vera er því jafn nauðsynlegt að umgangast aðgengi okkar að neysluvatni sem auðlind sem við þurfum að gæta að og varðveita.

Umbúðir, aðfanganotkun og fastur úrgangur

Auk þess að reyna að lágmarka alla aðfanganotkun í starfsemi, þá leggur félagið áherslu á: Að allar ytri umbúðir verði margnota, þar sem því verður við komið. Að þær umbúðir sem eru í beinni snertingu við vöruna, og eru ekki endurnýtanlegar, verði framleiddar úr efnum sem eru endurnýtanleg. Þær umbúðir verði jafnframt framleiddar úr eins umhverfisvænum efnum og kostur er og efnisnotkun og samsetning þeirra þannig gerð að þær falli vel að sorpflokkun. Að allt það sorp sem fellur til hjá starfsstöðvum félagsins og afhendist til endurvinnslustöðva verði flokkað eftir þeim viðmiðum og reglum sem viðkomandi endurvinnslustöðvar vinna eftir hverju sinni. Rík áhersla verði lögð á sorpflokkun.

Gæða- og matvælaöryggi

Lögð er sú áhersla á félagið að það tryggji viðskiptavinum sínum aðgang að öruggum og heilnæmum matvælum. Í þeim tilgangi vinnur félagið með skipulögðum hætti að eftirfarandi áherslu- og starfsþáttum:

Mjólkurframleiðsla hjá kúabændum

Félagið grundvallar starfsemi sína á móttöku og vinnslu fyrsta flokks hráefnis sem ávallt er framleitt við bestu mögulegu aðstæður. Til viðbótar þeim opinberu kröfum, sem fram koma í lögum og reglum um aðstæður til framleiðslu matvæla, þá vinnur félagið skipulega að því að allir mjólkurframleiðendur, sem leggja inn mjólk hjá félaginu og samstarfsaðilum, uppfylli kröfur um öll þau viðmið og skilyrði sem ná yfir eftirtalda þætti í mjólkurframleiðslu á kúabúum: matvælaöryggi við framleiðslu, dýravelferð og umgengni og ásýnd kúabúa.

Úrvinnsla mjólkur og framleiðsla mjólkurvara

Við söfnun og móttöku mjólkur, og úrvinnslu hennar við framleiðslu mjólkurvara, er stefna félagsins að tryggja matvælaöryggi með því að uppfylla opinberar kröfur, lög og reglugerðir og styðjast ávallt við bestu framleiðslutækni og traustan framleiðslubúnað sem skilar hámarks gæðum og stuðlar að sem mestu framleiðsluöryggi. Gæðastjórnun félagsins er samstarfsverkefni alls starfsfólks fyrirtækisins og lögð er áhersla á hvatningu, þjálfun, gott upplýsingastreymi og að skapa góðan vinnustað.

Gæðaeftirlit og rannsóknir

Til að skapa góðan grundvöll að traustum starfsþáttum er reglubundið fylgst með hverjum þætti virðis_keðjunnar, allt frá mjólkurframleiðendum til fullunninnar vöru sem tilbúin er til afhendingar til neytenda. Til að ná þessum markmiðum tryggir félagið: Að til staðar sé vottað gæðakerfi í öllum starfsstöðvum félagsins og að það nái yfir alla virðis_keðjuna, allt frá hráefnismóttöku frá framleiðendum, innra eftirlit með framleiðslu mjólkurvara og til afhendingar fullunninnar vöru til viðskiptavina. Að í fyrirtækinu sé ávallt til staðar viðeigandi tækjábúnaður til nauðsynlegra mælinga og rannsókna. Að góð þekking starfsfólks sé til staðar innan fyrirtækisins og reglubundin endurmenntun á sérsviði eftirlits og rannsókna fari fram.

Samfélagsleg ábyrgð

Með því að setja kröfur á birgja um gæði hráefnis samkvæmt gæðastefnu félagsins stuðlar það að dýravelferð þar sem gæði mjólkur byggjast á aðbúnaði og góðri umhirðu kúa. Að sama skapi hefur þetta einnig áhrif á matvælaöryggi.

Hollustustefna

Félagið, fyrirtæki í eigu kúabænda á Íslandi, einsetur sér að framleiða hollar og fjölbreyttar mjólkurvörur í takt við þarfir neytenda. Markmið félagsins eru þrjúþætt: Að styðja við heilbriggt líferni neytenda. Að auka gagnsæi um hollustu og innihald vara. Að fjölga valkostum í mjólkurvörum og draga áfram úr notkun sykurs í bragðbættum mjólkurvörum.

Lýðheilsa og heilbrigði

Félagið tekur þátt í ýmsum verkefnum þar sem það hvetur til bættrar lýðheilsu og heilbrigði og er m.a. aðili að samstarfi við Beinverndarsamtökin og Íþróttakennarafélag Íslands. Einnig hefur félagið unnið með Landlæknisembætti Íslands og birt skilaboð frá því á mjólkurfernum. Til viðbótar leggur félagið áherslu á að styðja við íþróttastarf og hvetja til hreyfingar og holls mataræðis.

Íslensk tunga

Félagið leggur áherslu á málrækt með því að styðja við íslenska tungu í markaðsstarfi fyrirtækisins. Félagið býður starfsfólki sínu af erlendum uppruna upp á íslenskukennslu svo þeir aðlagist samfélaginu betur og styður við verkefni sem efla íslenska tungu barna og unglinga. Félagið styður við íslenska ferðaþjónustu með því að fræða neytendur um íslenska náttúru á mjólkurfernum.

Frumkvöðlastarfsemi

Félagið stuðlar að því að efla íslenskt atvinnulíf með því að eiga í samstarfi við fjölmörg lítil frumkvöðlafyrirtæki.

Viðauki: Ófjárhagsleg upplýsingagjöf

Mannauður

Ein helsta auðlind félagsins er mannaður þess og þekkingin og reynslan sem hann býr yfir. Til að hlúa að starfsfólki hefur félagið sett fram skýra mannaútsöfnun. Velliðan og öryggi starfsfólksins er félaginu hugleikin og því hefur félagið einnig markað sér stefnu um öryggi og vinnuvernd og um forvarnir gegn einelti og kynferðislegri áreitni.

Félagið styður við fjölbreytni í íslensku atvinnulífi með starfsfólk frá mörgum þjóðlöndum.

Mannauðs- og jafnréttisstefna

Mannauðs- og jafnréttisstefna félagsins lýsir hvernig fyrirtækið sér fyrir sér þróun mannaúsmála hjá fyrirtækinu. Hún hefur þann tilgang að vísa félaginu veginn þannig að afstaða fyrirtækisins í mikilvægum málaflokkum tengdum starfsfólkinu sé skýr. Hún felur í sér ákveðin skilaboð til starfsmanna, stjórnenda, stjórnar, eigenda og samfélagsins. Helstu áherslur hennar eru: Líðsheilid og gildi, ráðningar og fjölbreytni, móttaka nýliða, þjálfun og fræðsla, stjórnun og endurgjöf, öryggi og vinnuvernd, einelti, kynferðisleg áreitni, kynbundin áreitni og ofbeldi, þekkingar- og upplýsingamiðlun, jafnvægi milli vinnu og einkalífs, jafnrétti og sveigjanleg starfslok.

Jafnlaunavottun

Undirbúningur jafnlaunavottunar stóð yfir á árinu og hlaut Mjólkursamsalan vottun skv. jafnlaunastaðlinum ÍST 85:2012 í desember 2019. Meginmarkmið jafnlaunavottunar er að vinna gegn kynbundnum launamun og stuðla að jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði.

Persónuvernd

Vegna aukinna krafna laga um persónuvernd og vinnslu upplýsinga hóf félagið vinnu við skráningu ferla gagnvart þessum auknu kröfum. Þann 27. apríl 2016 skrifuðu forsetar Evrópuþingsins og -ráðsins undir nýja evrópska persónuverndarlöggjöf sem síðan kom til framkvæmda í Evrópu þann 25. maí 2018. Þar sem vernd persónuupplýsinga er hluti af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES) var Ísland skuldbundið til að innleiða þessa nýju löggjöf í íslenskan rétt. Þann 15. júní 2018 tóku síðan í gildi ný lög á Alþingi um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018. Með þessum lögum var persónuverndarreglugerð Evrópusambandsins leidd í íslenskan rétt.

Spilling-, mútur- og mannréttindamál

Stjórn félagsins hefur sett sér ítarlegar starfsreglur þar sem valdsvið hennar er skilgreint og verksvið gagnvart framkvæmdastjóra.

Félagið virðir almenn mannréttindi, rétt allra til félagafrelsis og til kjarasamninga. Áhersla er lögð á að verktakar og undirverktakar fari eftir gildandi lögum í landinu er varðar alla sína starfsmenn, sama hvort það eru þeirra launþegar eða eigin undirverktakar.

Félagið hefur ekki sett sér skrifleg viðmið um spillingu-, mútur- og mannréttindamál en vinna við það er komin af stað og lýkur væntanlega á árinu 2025.

Flokkunarreglugerð ESB

Flokkunarreglugerð ESB tók gildi á Íslandi 1. júní 2023 með lögum nr. 25/2023 um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar.

Tilgangur reglugerðarinnar er að skilgreina hvaða atvinnustarfsemi telst vera umhverfislega sjálfbær og á að stuðla að gagnsæi í sjálfbærniupplýsingagjöf. Umhverfismarkmiðin eru sex: mildun loftslagsbreytinga, aðlögun að loftslagsbreytingum, sjálfbær notkun og verndun vatns- og sjávarauðlinda, umskipti yfir í hringrásarhagkerfi, mengunarvarnir og eftirlit með mengun, og vernd og endurheimt líffræðilegrar fjölbreytni og vistkerfa. Tæknileg matsviðmið fyrir mildun og aðlögun loftslagsbreytingum hafa verið innleidd með framseldri reglugerð ESB 2021/2139 og atvinnustarfsemi sem þar er tekin fram fellur undir upplýsingaskyldu á Íslandi fyrir árið 2024, sem breyttist með framseldri reglugerð 2022/1214 um atvinnustarfsemi tiltekinnna orkugeira. Framseld reglugerð ESB 2023/2486 um önnur umhverfismarkmið og uppfærsla á fyrstu tveimur í framseldri reglugerð ESB 2023/2485 tóku gildi innan ESB árið 2023 og hér á landi frá og með 1. janúar 2025.

Til þess að fyrirtæki geti talist umhverfislega sjálfbær í skilningi reglugerðarinnar þurfa þau að uppfylla viðmið fyrir umhverfislega sjálfbæra atvinnustarfsemi samkvæmt 3. gr. flokkunarreglugerðarinnar. Í fyrsta lagi þarf atvinnustarfsemin að stuðla verulega að einu eða fleiri umhverfismarkmiðum, á sama tíma má hún ekki skaða önnur markmið. Hún þarf að vera stunduð í samræmi við lágmarksverndarráðstafanir og að lokum að hlíta tæknilegum matsviðmiðum.

Gerð er krafa á að fyrirtæki birti hlutfall veltu, fjárfestingagjalda og rekstrargjalda fyrir nýliðið rekstrartímabil á starfsemi sem fellur undir flokkunarreglugerðina samkvæmt tæknilegum matsviðmiðum. Að sama skapi skal birta sömu lykilmælikvarða fyrir starfsemi sem uppfyllir öll viðmið reglugerðarinnar og telst vera umhverfislega sjálfbær starfsemi.

Samstæðan hefur farið yfir starfsemi sína í samræmi við tæknileg matsviðmið þar sem starfsemi samstæðunnar var borin saman við þau tæknilegu matsviðmið sem nú þegar hafa verið birt og gilda hér á landi samkvæmt framseldri reglugerð ESB 2021/2139. Við mat á tæknilegu matsviðmiðunum kom í ljós að meginstarfsemi samstæðunnar fellur ekki undir þau tæknilegu matsviðmið sem hafa verið birt og eru því ekki forsendur til frekari skýringa að ræða.

Samstæðan er þó meðvituð um að flokkunarreglugerðin er í stöðugri þróun og að frekari atvinnugreinar gætu bæst við birtingaskylduna. Af þeim sökum mun samstæðan fylgjast grannt með þeirri þróun sem á sér stað og birta upplýsingar um meginstarfsemi sína um leið og hún fellur undir framseldar gerðir flokkunarreglugerðarinnar að öðru óbreyttu.

Í meðfylgjandi töflum birtir samstæðan því hlutfall tilgreindra lykilmælikvarða vegna atvinnustarfsemi sem fellur ekki að flokkunarreglugerðinni samkvæmt framseldri reglugerð 2021/2178 um innihald og framsetningu upplýsinga.

Til viðbótar birtir samstæðan upplýsingar um starfsemi í tengslum við kjarnorku og jarðgas í samræmi við 6. og 7. mgr. 8. gr. sömu reglugerðar. Þar sem samstæðan er hvorki með starfsemi sem tengist kjarnorku né jarðgasi eru lykilmælikvarðar ekki taldir fram.

Viðauki: Ófjárhagsleg upplýsingagjöf

Atvinnustarfsemi (1)	Númer (2)	Heildarvelta (3)	Hlutfall veltu (4)	Viðmið fyrir verulegt framlag						Viðmið fyrir verulegt tjón ("Veldur ekki verulegu tjóni")						Lágmarks verndarráðstafanir (17)	Hlutfall veltu sem fellur að flokkunarkerfinu, ár N-1 (19)	Flokkur/starfsemi sem gerir annari starfsemi kleift að studda að umhverfi-ismark-miðum (20)	Flokkur ("umbreytingar-starfemi") (21)							
				Mótvægi við loftslagsbreytingar (5)*	Aðlögun að loftslagsbreytingunum (6)	Vatns- og sjávarauðlindir (7)	Hringrásarhagkerfið(8)	Mengun(9)	Liffraðileg fjölbreytni og vistkerfi (10)	Mótvægi við loftslagsbreytingar (11)	Aðlögun að loftslagsbreytingunum (12)	Vatns- og sjávarauðlindir(13)	Hringrásarhagkerfið (14)	Mengun (15)	Liffraðileg fjölbreytni og vistkerfi (16)					Já/Nei	Já/Nei	Já/Nei	Já/Nei	Já/Nei	Já/Nei	Já/Nei
				ISK	%	%	%	%	%	%	%	Já/Nei	Já/Nei	Já/Nei	Já/Nei	Já/Nei	Já/Nei	Já/Nei	%	E	T					
A. STARFSEMI SEM FLOKKUNARKERFIÐ NÆR YFIR																										
A.1. Umhverfissjálfbær starfsemi (sem fellur að flokkunarkerfinu)																										
Velta frá umhverfissjálfbærri starfsemi (sem fellur að flokkunarkerfinu) (A.1)	0,00	0%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	ÁEV	ÁEV	ÁEV	ÁEV	ÁEV	ÁEV	0%	0%	0%						
A.2 Starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en er ekki umhverfissjálfbær (sem fellur ekki að flokkunarkerfinu)																										
Velta frá starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en er ekki umhverfissjálfbær (starfsemi sem fellur ekki að flokkunarkerfinu) (A.2)	0,00	0%																								
Alls (A.1+A.2)	0,00	0%																								
B. STARFSEMI SEM FLOKKUNARKERFIÐ NÆR EKKI YFIR																										
Velta frá starfsemi sem flokkunarkerfið nær ekki yfir (B)	47.487.642	100%																								
Alls (A+B)	47.487.642	100%																								

Viðauki: Ófjárhagsleg upplýsingagjöf

Kjarnorka

Sniðmát 1 Starfsemi í tengslum við kjarnorku og jarðgas

Lína Starfsemi sem tengist kjarnorku

- | | | |
|---|---|-----|
| 1 | Samstæðan annast, fjármagnar eða er með áhættuskuldbindingar vegna rannsókna, þróunar, sýniverkefna og uppbyggingar á nýjungum í raforkuframleiðslustöðvum sem framleiða orku úr kjarnorkuvinnslu með lágmarksúrgangi frá hringrás eldsneytis. | NEI |
| 2 | Samstæðan annast, fjármagnar eða er með áhættuskuldbindingar vegna uppbyggingar og öruggs reksturs nýrra kjarnorkuvirkja fyrir framleiðslu á raforku eða vinnslu á varma, þ.m.t. vegna fjarhitunar eða iðnaðarferla á borð við vetnisframleiðslu, ásamt öryggis uppfærslum á þeim með notkun bestu aðgengilegu tækni. | NEI |
| 3 | Samstæðan annast, fjármagnar eða er með áhættuskuldbindingar vegna öruggs reksturs kjarnorkuvirkja í rekstri sem framleiða raforku eða vinna varma, þ.m.t. vegna fjarhitunar eða iðnaðarferla á borð við vetnisframleiðslu úr kjarnorku, ásamt öryggisuppfærslum. | NEI |

Starfsemi sem tengist jarðgasi

- | | | |
|---|---|-----|
| 4 | Samstæðan annast, fjármagnar eða er með áhættuskuldbindingar vegna uppbyggingar eða reksturs raforkuframleiðslustöðva sem framleiða raforku með notkun loftkennds jarðefnaeldsneytis. | NEI |
| 5 | Samstæðan annast, fjármagnar eða er með áhættuskuldbindingar vegna uppbyggingar, endurnýjunar og reksturs samþættra varma-/kæli- og orkuframleiðslustöðva með notkun loftkennds jarðefnaeldsneytis. | NEI |
| 6 | Samstæðan annast, fjármagnar eða er með áhættuskuldbindingar vegna byggingar, endurnýjunar og reksturs varmaframleiðslustöðva sem framleiða varma/kæla með notkun loftkennds jarðefnaeldsneytis. | NEI |

